

FJÖLRIT

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR



ÍSLENSKT PLÖNTUTAL

Blómplöntur og byrkningar

Hörður Kristinsson



FJÖLRIT

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR

Nr. 51, ágúst 2008

Fjölrit Náttúrufræðistofnunar er ritröð sem hóf göngu sína árið 1985. Birtar eru greinar og skýrslur eftir starfsmenn stofnunarinnar og fræðimenn sem vinna í samvinnu við þá.

Í hverju hefti er ein sjálfstæð grein um náttúrufræði.

Útgáfan er óregluleg. Greinar eru ritaðar á íslensku með enskum útdrætti. Þær mega einnig vera á ensku en þá skal ávallt fylgja ítarlegur útdráttur á íslensku.

Vitnið til þessa rits á eftirfarandi hátt – Refer to this publication as:

Hörður Kristinsson 2008

Íslenskt plöntutal, blómplöntur og byrkningar. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 51. 58 s.
Checklist of the vascular plants of Iceland. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar No. 51. 58 pp.

Ritnefnd:

Margrét Hallsdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir
Netföng: mh@ni.is, gg@ni.is, gge@ni.is

Kápu mynd:

Holtasóley (*Dryas octopetala*).

Stílfærð teikning Anette Theresia Meier eftir teikningu Dagny Tande Lid.

Útgefandi:

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Hlemmi 3 Borgum við Norðurslóð
Pósthólf 5320 Pósthólf 180
125 Reykjavík 602 Akureyri
Sími: 590 0500 Sími: 460 0500
Fax: 590 0595 Fax: 460 0501
Netfang: ni@ni.is Netfang: nia@ni.is
<http://www.ni.is>

Útlit og hönnun:

Anette Theresia Meier

Umbrot:

Prentsnið ehf.

Prentun:

Guðjón Ó. – vistvæn prentsmiðja

© Náttúrufræðistofnun Íslands 2008

ISSN 1027-832X



EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	5
ABSTRACT	5
INNGANGUR – <i>INTRODUCTION</i>	5
PLÖNTUTAL – <i>CHECKLIST OF VASCULAR PLANTS</i>	7
ÞAKKARORÐ – <i>ACKNOWLEDGEMENTS</i>	32
HEIMILDIR – <i>REFERENCES</i>	33
SAMNEFNI LATNESKRA TEGUNDAHEITA – <i>LATIN SYNONYMS</i>	37
SAMNEFNI ÍSLENSKRA TEGUNDAHEITA – <i>SYNONYMS OF ICELANDIC NAMES</i>	45
SKRÁ YFIR LATNESK ÆTTKVÍSLAHEITI – <i>INDEX OF GENERA</i>	50
SKRÁ YFIR TEGUNDAHEITI – <i>INDEX OF ICELANDIC NAMES</i>	53



ÁGRIP

Í þessu plöntutali eru skráðar og númeraðar með meginmálsletri allar tegundir blómplantna og byrkn- inga sem taldar eru til hinnar villtu íslensku flóru í dag, samtals 489 tegundir. Feitletraðar eru allar þær tegundir sem eru gamlar í landinu, taldar hafa verið ílendar fyrir 1750 þegar fyrst var farið að skrá tegundirnar. Þær plöntur sem taldar eru aðfluttar og ílendar eftir 1750 eru með grönnu letri. Með smáu letri og ónúmeraðar eru allar tegundir sem vitað er til að hafi borist til landsins án þess að ílendast. All- margar þeirra hafa aðeins sést einu sinni, en síðan horfið aftur.

Nafngiftir eru einkum miðaðar við 7. útgáfu af norsku flórunni sem kennd er við J. Lid, eftir Reidar Elven.¹⁹ Einnig er tekið mið af þeim bindum Norðurlanda- flórunnar, *Flora Nordica*, sem komin eru út^{119,120} og umfjöllun Reidars Elven sem birtist í Blyttia 2007.¹⁵⁵ Fyrirhugað er að viðhalda þessum lista í framtíðinni á www.floraislands.is á þann veg að breytingar frá prentuðu útgáfunni verði litmerktar.

ABSTRACT

In this list all vascular plants belonging to the Ice- landic flora today are shown numbered in text size letters, altogether 489 species. All native species, regarded established before 1750 when floristic work was first started, are printed in bold face. Alien plants that most likely have been established after 1750 are printed in regular face. In small face and without numbers are all species known to have been brought to the country without getting per- manently established. Many of these species have been seen only once and are probably not present in the country today.

Nomenclature follows mainly the 7th edition of Lid's *Norsk Flora* by Reidar Elven.¹⁹ Those volumes of *Flora Nordica* already published are also taken into account,^{119,120} as well as the explanations given by Reidar Elven in a series of articles in Blyttia 2007.¹⁵⁵ This list shall in the future be maintained further on the website www.floraislands.is with alterations from the published list marked.

INNGANGUR – INTRODUCTION

Eitt af hlutverkum Náttúrufræðistofnunar Íslands er að halda skrár yfir allar villtar lífverur sem vitað er um á landinu, og afla upplýsinga um þær. Sumar þessar skrár hafa verið gefnar út í Fjölrítum Nátt- úrufræðistofnunar; *Íslenskt skordýratil* 1991, *Ís-*

lenskir mosar. Skrár og viðbætur 2003, *Íslenskt sveppatal* I. 2004, *Þörungatal. Skrá yfir vatna- og landþörungna á Íslandi samkvæmt heimildum* 2007, en aðrar eru aðeins til í handriti eða hafa verið birt- ar á flóruvefsíðunni www.floraislands.is, þar sem leitast hefur verið við að safna saman öllum plöntu- listum á einn stað. Þar hafa verið aðgengilegir eft- irtaldir listar: skrá yfir villtar blómplöntur og byrkn- inga á Íslandi, skrá yfir fléttur á Íslandi, skrá yfir mosa á Íslandi og skrá yfir botnfasta sæþörungna við Ísland. Höfundar síðastnefnda listans eru Karl Gunn- arsson og Sigurður Jónsson og birtist hann einnig á prenti í tímaritinu *Cryptogamie, Algologie* árið 2002.

Sá listi sem hér birtist um íslenskar blómplöntur og byrkn- inga hefur verið uppfærður eftir þeim lista sem fyrst var talinn hér að ofan, en í stað stafrófsröðunar er hann settur í kerfisröð. Latneskar nafngiftir teg- unda fylgja að mestu norsku flórunni sem kennd er við Johannes Lid, 7. útgáfu sem kom út 2005 í rit- stjórni Reidars Elven. Í örfáum tilvikum hefur þó verið brugðið þar út af, einkum með því að aðgreina sem afbrigði eða deilitegundir plöntur sem í henni eru greindar sem sjálfstæðar tegundir. Einnig hefur verið tekið tillit til 1. og 2. bindis *Flora Nordica* um tegundir sem þar er fjallað um og síðari ritgerða eftir Reidar Elven sem birtust í Blyttia 2007.¹⁵⁵ Um- fjöllun um undafífla er í samræmi við skiptingu Berg- þórs Jóhannssonar 2004,¹⁴ en túnfíflum er aðeins lauslega skipt niður í deildir, þar sem engin nýleg umfjöllun er til um þá.

Forsögu íslenska listans má rekja allt aftur til ársins 1980 þegar óformleg Flórunefnd (Eypór Einarsson, Hörður Kristinsson og Jóhann Pálsson) tók saman lista yfir íslenskar háplöntur, handrit sem hugsað var sem grundvöllur að tegundaskipan í nýrri útgáfu *Flóru Íslands* sem þá var fyrirhuguð. Þessi skrá var lengi notuð á Náttúrufræðistofnun með síðari breyt- ingum. Hún var fyrst einfölduð og endurskoðuð af Bergþóri Jóhannssyni í nóvember 1986 og síðan Kristbirni Egilssyni í ágúst 1988 og þá samræmd að hluta við *Plöntuhandbók* Harðar Kristinssonar.⁶⁰ Þá var skráin yfirfarin og endurskoðuð af Eypóri Ein- arssyni í janúar 1997 og í mars 1998 (Skrá yfir ís- lenskar háplöntur) og notuð m.a. vegna vinnu við Flóru Norðurlanda, en var aldrei prentuð. Árið 2001 var listinn að lokum endurskoðaður af Herði Krist- inssyni og uppfærður í samræmi við nýútkomið bindi af *Flora Nordica* og að því loknu gerður aðgengileg- ur á www.floraislands.is. Eftir það var hann upp- færður smám saman á netinu, og síðast 2005 eftir að 7. útgáfa flóru Noregs kom út undir ritstjórn Reidars Elven. Þar sem það er hlutverk þessa lista að skrá villtar plöntur, er öllum þeim þúsundum



plantna sem ræktaðar eru í landinu (í grasagörðum, skrudgörðum, gróðurhúsum, matjurtagörðum, skógrækt og víðar) að sjálfsgöðu sleppt, nema því aðeins að þær fari að sá sér út í villta náttúru og dreifast á eigin spýtur. Plöntutalið nær hins vegar yfir rúmlega 100 ára tímabil, þ.e. frá því að undirbúningur við 1. útgáfu *Flóru Íslands* hófst í lok 19. aldar og fram á nútíma. Annað markmið þessa lista er að leitast við að halda til haga öllum heimildum um slæðinga sem einhvern tíma hafa verið skráðir á þessu tímabili, þó svo að þeir kunni að vera löngu útdauðir nú og ekkert bendi til að þeir vaxi í landinu í dag.

Nokkuð mun vera á reiki hvaða merkingu menn leggja í orðið slæðingur, hvenær skuli telja þá ílenda, og hvernig skal flokka tegundir eftir staðfestu og aldri í flórunni. Ítarlega umfjöllun um þessa flokkun ásamt skilgreiningu hugtaka má finna í inngangi að 1. bindi *Flora Nordica*. Hér er höfð hliðsjón af þeim skilgreiningum, þótt ekki sé þeim alltaf fylgt út í æsar.

Með leturgerð og númerum eru plönturnar flokkaðar í þrennt, á sama hátt og gert var í listanum á vefsíðunni www.floraislands.is. **Feitletraðar** með stóru lettri eru allar staðfastar innlendar tegundir (native) og einnig aðfluttar tegundir (alien, þ.e. hafa borist til landsins fyrir atbeina mannsins, viljandi eða óviljandi) sem talið er víst að séu eldri en 200–300 ára í landinu. Grannletraðar með stóru lettri eru tegundir sem taldar eru aðfluttar á síðari árum, en hafa að því er virðist tekið sér varanlega bólfestu og teljast því orðnar ílendar¹⁾ (resident alien). Tegundir beggja þessara flokka eru númeraðar saman og eru hér því taldar til íslensku flórunnar í dag, samtals 489 tegundir. Í þeirri tölu eru 22 tegundir undafla í samræmi við nýjustu skiptingu Bergþórs Jóhannssonar, en túnfíflar eru ekki aðgreindir til tegunda, þar sem upplýsingar skortir um skiptingu þeirra. Í þessari tölu eru aðeins tegundir sem vel staðfestar heimildir eru um og því öruggt að þær séu íslenskar. Ef ekki hefur verið hægt að staðfesta tilvist þeirra er þeim sleppt. Það gildir m.a. um nokkrar tegundir sem getið er í III. útg. *Flóru Íslands* (snoðfætlu, burstasef, strandstör, dvergmunablóm, grábirki, kjarrklukku, tjarnamara), *Íslenskri ferðaflóru* (rauðfífu, kuldaífífu, heiðastör, fjallakál) eða í *Náttúrufræðingnum* (bergmaríustakk, seilunykru).

Smáletraðir eru allir slæðingar sem ekki eru taldir ílendir¹⁾ (ephemeral alien), sumir óstöðugir og margir hverjir ekki til í landinu í dag þótt heimildir séu um að þeir hafi komið hingað, einnig ræktaðar

plöntur sem lítið eitt eru byrjaðar að dreifa sér sjálfar án þess að hægt sé að telja þær ílendar. Þessar tegundir eru ónúmeraðar, og um 250–260 talsins. Ekki er vitað hversu margar þessara tegunda vaxa í landinu í dag, því þær geta víða leynst þótt ekki séu um það neinar nýlegar heimildir.

Heimildir þessa lista koma víða að. Meginheimildin er þó ætíð Plöntusafn Náttúrufræðistofnunar Íslands og Gagnagrunnur plantna, þegar ekki er annarra heimilda getið. Í gagnagrunninum eru bæði skrá yfir plöntusöfnin, ýmsar prentaðar heimildir, og fjölmargar vettvangsskráningar. Upplýsingarnar í Gagnagrunni plantna koma frá meira en 900 einstaklingum, grasafræðingum og áhugamönnum, sem hafa safnað plöntum eða sent inn upplýsingar eða birt greinar um íslenskar plöntur. Sérstaklega ber þó að nefna ýmsa heimildarmenn eins og Ólaf Davíðsson, Stefán Stefánsson, Helga Jónsson, Ingimar Óskarsson, Helga Jónasson frá Gvendarstöðum, Ingólf Davíðsson, Steindór Steindórsson, Eyþór Einarsson, Helga Hallgrímsson, og að lokum Hálfán Björnsson í Kvískerjum, en margir fleiri eiga mikið af heimildum í gagnagrunninum. Mjög dýrmæt reyndist einnig samantekt Ingólfs Davíðssonar um slæðinga í *Ritum Vísindafélagsins*, en hann var mjög ötull við að safna upplýsingum um erlenda slæðinga, sem annars fara auðveldlega fram hjá mörgum.

Víða í listanum er vísað í heimildir, einkum fyrir sjaldgæfari tegundir og slæðinga. Sú tilvísun er þó engan veginn tæmandi, enda gæti það auðveldlega orðið löng upptalning fyrir hverja tegund, en vonandi nægileg til að koma þeim á sporið sem vilja kanna betur frumheimildir.

Aftan við meginlistann og heimildaskrána er listi yfir latnesk tegundaheiti sem notuð hafa verið yfir íslensku flórana. Hann er gerður til að auðvelda mönnum að átta sig á hvaða tegundir er verið að fjalla um í gömlum heimildum, sem nota allt önnur latnesk tegundaheiti en eru í notkun í dag. Listinn tekur því fyrst og fremst mið af þeim nöfnum, sem notuð hafa verið í íslenskum ritum, og merkingu þeirra í viðkomandi ritum. Í sumum tilfellum er ekki um eiginleg samnefni að ræða, heldur misnefni sem byggjast á ófullkomnum greiningum. Síðan kemur listi yfir íslensk nöfn plantna sem verið hafa í notkun, með tilvísun í það nafn sem notað er yfir viðkomandi tegund hér í plöntutalinu. Að lokum eru svo nafnaskrár latneskra ættkvíslaheita og íslenskra tegundaheita með tilvísun í blaðsíðutal þar sem fjallað er um tegundina í plöntutalinu.

¹⁾ Mat á því samkvæmt *Flora Nordica* hvenær slæðingar teljast ílendir er byggt á því, að einærar eða tværar plöntur hafi lifað af a.m.k. 10 ár á eigin fræframleiðslu, og að fjölærar eða trjákenndar plöntur hafi annað hvort myndað tvær samlægar kynslóðir með sjálfsáningu eða að öflug sprotæxlun hafi átt sér stað í meira en 30 ár.

PLÖNTUTAL – CHECKLIST OF VASCULAR PLANTS

LYCOPSIDA JAFNAR

LYCOPODIALES JAFNABÁLKUR

Lycopodiaceae *Jafnaætt*

1. **Huperzia selago** (L.) Bernh. ex Schrank & Mart. – **Skollafingur** – Algengur um mestallt landið, en þó ófundinn á Suðurlandi milli Ölfusár og Markarfljóts svo og á hálendi Þingeyjarsýslna. Skiptist í tvær deilitegundir sem báðar eru hér á landi, subsp. **selago** og subsp. **arctica** (Grossh. ex Tolm.) Á.Löve & D.Löve. Sú fyrrnefnda er talin fremur sjaldgæf og aðeins á láglendi, en subsp. **arctica** er algeng á útbreiðslusvæði tegundarinnar. Í norsku flórunni eru þær taldar sjálfstæðar tegundir.¹⁹
2. **Lycopodium annotinum** L. – **Lyngjafni** – Víða á vestanverðu landinu, einnig sums staðar í útsveitum á Norðurlandi og frá Reyðarfirði norður að Unaósi á Austfjörðum. Annars staðar sjaldgæfur eða vantar. Tvær deilitegundir af lyngjafna eru hér á landi, subsp. **alpestre** (Hartm.) Á.Löve & D.Löve¹¹⁹ sem er algengari, og subsp. **annotinum** sem einkum finnst á Norðurlandi og á Vestfjörðum.¹¹⁹
3. **Lycopodium clavatum** L. – **Burstajafni** – Mj. sj., aðeins á einum stað í Breiðdal á Austfjörðum.²⁵
4. **Diphasiastrum alpinum** (L.) Holub – **Litunarjafni** – Algengur á láglendi neðan 500 m í snjóðældum í útsveitum, sjaldgæfari inn til landsins og mj. sj. á Suðurlandi frá Þjórsá austur í Hornafjörð.

SELAGINELLALES MOSAJAFNABÁLKUR

Selaginellaceae *Mosajafnaætt*

5. **Selaginella selaginoides** (L.) P.Beauv. ex Schrank. – **Mosajafni** – Algengur um land allt.

ISOETALES ÁLFTALAUKSÁLKUR

Isoetaceae *Álftalauksætt*

6. **Isoetes echinospora** Durieu – **Álftalaukur** – Vatnajurt sem fundist hefur í tjörnum á víð og dreif um landið nema á Miðhálandinu.
7. **Isoetes lacustris** L. – **Vatnalaukur** – Sjaldgæf vatnajurt sem fundist hefur á nokkrum stöðum á suðvestanverðu landinu.^{143, 146}

SPHENOPSIDA ELFTINGAR

EQUISETALES ELFTINGABÁLKUR

Equisetaceae *Elftingarætt*

8. **Equisetum arvense** L. – **Klóelfting** – Mjög algeng um allt land, bæði á láglendi og allhátt til fjalla. Tvær deilitegundir finnast hér, subsp. **arvense** er algeng á láglendi og í byggð, en subsp. **boreale** (Bong.) Á.Löve vex jafnt hátt til fjalla sem einnig á láglendi.¹¹⁹
9. **Equisetum fluviatile** L. – **Fergin** – Algengt um allt land nema hátt til fjalla, strjált á Vestfjörðum.
10. **Equisetum hyemale** L. – **Eski** – Allalgengt um mestallt land, sums staðar þó mjög strjált.
11. **Equisetum palustre** L. – **Mýrelfting** – Algeng í deiglendi um allt land nema hátt til fjalla.
12. **Equisetum pratense** Ehrh. – **Vallelfting** – Algeng um allt land nema á miðhálandinu og hátt til fjalla.
13. **Equisetum sylvaticum** L. – **Skógelfting** – Mjög sjaldgæf, aðeins fundin á þrem svæðum, Heydal^{66, 79} og Ingólfsfirði á Vestfjörðum, og í Sandvík við Gerpi.²²
14. **Equisetum variegatum** Schleich. ex Weber & Mohr – **Beitieski** – Mjög algengt um allt land.



FILICOPSIDA BURKNAR

OPHIOGLOSSALES NAÐURTUNGUBÁLKUR

Ophioglossaceae Naðurtunguætt

15. **Ophioglossum azoricum** C.Presl. – **Naðurtunga** – Sjaldgæf, nær eingöngu við jarðhita á móbergssvæðunum.
16. **Botrychium boreale** Milde – **Mánajurt** – Sjaldgæf, fundin dreifð um norðurhelming landsins suður að Arnarfellsbrekku við Hofsjökul.⁷¹
17. **Botrychium lanceolatum** (S.G.Gmel.) Ångstr. – **Lensutungljurt** – Mjög strjál, en dreifð um landið.
18. **Botrychium lunaria** (L.) Sw. – **Tungljurt** – Algeng um allt land.
19. **Botrychium minganense** Victorin, Proc. & Trans. – **Keilutungljurt** – Mjög sjaldgæf, fundin á örfáum stöðum, einkum um landið sunnanvert.^{65,134}
20. **Botrychium simplex** E.Hitc. – **Dvergtungljurt** – Tvö afbrigði hafa verið staðfest hér, var. **simplex** og var. **tenebrosum** (A.A.Eaton) R.T.Clausen, *renglutungljurt*. Afbrigðið var. *simplex* er allvíða meðfram suðausturströnd landsins í snögg, sendu graslendi, sjaldgæft annars staðar.¹⁴⁸ Hitt afbrigðið, var. *tenebrosum* vex allvíða um suðaustanvert landið frá Meðalandi austur í Suðursveit, og einnig sunnan á Reykjanesskaganum.^{65,134} Annars staðar sjaldgæft.

PTERIDALES VÆNGBURKNABÁLKUR

Pteridaceae Vængburknaætt

21. **Cryptogramma crispa** (L.) R.Br. ex Hook. – **Hlíðaburkni** – Sjaldgæf, aðeins fundinn á tveim svæðum á Vestfjörðum, á Snæfjallaströnd og við Hesteyrarfjörð.⁴

HYMENOPHYLLALES MOSABURKNABÁLKUR

Hymenophyllaceae Mosaburknaætt

22. **Hymenophyllum wilsonii** Hook. – **Mosaburkni** – Mj. sj., aðeins fundinn á einum stað í Deildarárgili í Mýrdal 1974.¹³ Hefur ekki sést þar aftur síðari ár.

ASPLENIALES BURKNABÁLKUR

Aspleniaceae Klettburknaætt

23. **Asplenium septentrionale** (L.) Hoffm. – **Skeggburkni** – Mjög sjaldgæf, aðeins fundinn í Höfðahverfi við Eyjafjörð.¹⁵⁰
24. **Asplenium trichomanes** L. – **Svartburkni** – Mjög sjaldgæf, fundinn á fjórum stöðum, í Skaftafelli,²³ Núpakoti og Moldnúi undir Eyjafjöllum og Krossbæ í Hornafirði. Tvær deilitegundir eru skráðar á Íslandi, subsp. **trichomanes** og subsp. **quadrivalens** D.E. Mey. Sú síðarnefnda hefur aðeins fundist í Skaftafelli.
25. **Asplenium viride** Huds. – **Klettburkni** – Sjaldgæf, fundinn á átta stöðum á austanverðu landinu frá Reykjaheiði við Kelduhverfi suður í Kvísker.^{36, 58}

Woodsiaceae Liðfætlætt

26. **Athyrium distentifolium** Tausch ex Opiz – **Búsundblaðarós** – Víða á snjóþyngstu láglandissvæðum landsins, nyrst á Austfjörðum, útsveitum við Eyjafjörð, Vestfjörðum og norðan á Snæfellsnesi.
27. **Athyrium filix-femina** (L.) Roth – **Fjöllaufungur** – Allvíða á vestanverðu landinu frá Vestfjörðum suður undir Eyjafjöll, sjaldgæf með ströndum austan lands.
28. **Woodsia alpina** (Bolton) Gray – **Fjallaliðfætla** – Sjaldgæf, fundin hér og hvar á Vesturlandi og Suðurlandi frá Snæfellsnesi austur fyrir Hornafjörð, annars mjög sjaldséð.
29. **Woodsia ilvensis** (L.) R.Br. – **Liðfætla** – Allvíða á Vesturlandi og Vestfjörðum sunnanverðum, Suðurlandi og Austfjörðum. Sjaldgæf á Norðurlandi og Fljótsdalshéraði.
30. **Cystopteris fragilis** (L.) Bernh. – **Tófugras** – Algengt um allt land. Plöntur af tófugrasi með afbrigðileg gró hafa stundum verið taldar til sérstakrar deilitegundar (subsp. **dickieana**) eða jafnvel tegundar. Líklegra er þó talið, að hér sé aðeins um arfgengan eiginleika innan tegundarinnar að ræða.¹¹⁹
31. **Gymnocarpium dryopteris** (L.) Newman – **Þrílaufungur** – Algengur eða allvíða á Vesturlandi og Vestfjörðum, einnig í útsveitum á Miðnorðurlandi og á Austfjörðum. Annars staðar sjaldgæf.

Dryopteridaceae Skjaldburknaætt

32. **Dryopteris expansa** (C.Presl) Fraser-Jenk. & Jermy – **Dílaburkni** – Allalgengur á Vestfjörðum, á nokkrum stöðum á Reykjanesskaga og Snæfellsnesi, sjaldgæf á Norðurlandi.
33. **Dryopteris filix-mas** (L.) Schott – **Stóriburkni** – Allvíða á Vesturlandi og Vestfjörðum, sjaldgæf á Norðurlandi og Austurlandi.

34. **Polystichum lonchitis** (L.) Roth – **Skjald-burkni** – Algengur þar sem snjóþungt er á Vestfjörðum, miðju Norðurlandi og Austfjörðum. Sjaldgæfur annars staðar, og aðeins á einum stað á Suðurlandi frá Ölfusá austur að Skeiðará.

Thelypteridaceae **Þríhyrnuburknaætt**

35. **Phegopteris connectilis** (Michx.) Watt – **Þríhyrnuburkni** – Allvíða á vestanverðu landinu, sjaldgæfur annars staðar.

Blechnaceae **Skollakambætt**

36. **Blechnum spicant** (L.) Roth – **Skollakambur** – Sjaldgæfur, bundinn við snjóþung lágland-issvæði⁶² eins og milli Fáskrúðsfjarðar og Borgarfjarðar á Austfjörðum, útsveitir Eyjafjarðar, ákveðna hluta Vestfjarða og norðan á Snæfellsnesi. Jarðhitaafbrigði af skollakambi gengur undir nafninu var. **fallax** Lange, *tunguskollakambur*. Það er mjög sjaldgæft, aðeins á örfáum jarðhitasvæðum.⁸

Polypodiaceae **Köldugrasætt**

37. **Polypodium vulgare** L. – **Köldugras** – Algengt á láglandi frá Vesturlandi um Suðurland og norður til Reyðarfjarðar á Austfjörðum. Sjaldgæft á Norðurlandi.

CONIFEROPSIDA BARRVIÐIR

PINALES FURUBÁLKUR

Pinaceae **Furuætt**

38. *Pinus contorta* Douglas ex Loudon – *Stafafura* – Innflutt til skógræktar einkum eftir 1960, en kom fyrst svo vitað sé um 1930.¹⁵ Hún hefur sáð sér út á nokkrum stöðum í Eyjafirði,¹⁵ og mun sums staðar vera orðin ílend.^{1, 129, 134}
39. *Picea sitchensis* (Bong.) Carrière – *Sitkagreni* – Innflutt til skógræktar og er farið að sá sér út allvíða á Suðurlandi frá Elliðaárdal¹²⁹ austur í Kirkjubæjarklaustur,^{1, 134, 154} og einnig á Hallormsstað.
40. *Larix sibirica* Ledeb. – *Síberíulerki* – Innflutt til skógræktartilrauna frá 1922, og notað víða til gróðursetningar á síðari hluta 20. aldar,³² og hefur á nokkrum stöðum sáð sér út á síðari árum¹⁵⁴ og kemur væntanlega til með að ílendast.

Pinus aristata Engelm. – *Broddfura* – Innflutt til skógræktar allt frá 1905,³² og hefur sáð sér út á Hallormsstað.¹⁵⁴

Pinus cembra L. – *Lindifura* – Innflutt til skógræktar fyrst um aldamótin 1900,¹⁵ en hefur síðar sáð sér út á Hallormsstað.¹⁵⁴

Pinus mugo Turra – *Fjallafura* – Innflutt til skógræktar frá því í byrjun 20. aldar, en óvíst hvaðan.³² Hún hefur eitthvað sáð sér út á Þingvöllum.¹⁵⁴

Pinus sylvestris L. – *Skógarfura* – Allmikið notuð í skógrækt frá 1959¹³⁵ og er byrjuð að sá sér út í Vaðla-skógi.¹³⁴

Picea abies (L.) H.Karsten – *Rauðgreni* – Innflutt til skógræktar fyrst 1902, en einkum þó eftir 1947.³² Er eitthvað farið að sá sér út, a.m.k. á Hallormsstað.¹⁵⁴

Picea engelmannii Parry ex Engelm. – *Blágreni* – Innflutt frá Alaska á fyrri hluta 20. aldar til skógræktar³² og er byrjað að sá sér í Mörkinni á Hallormsstað.¹⁵⁴

Abies lasiocarpa (Hooker) Nutt. – *Fjallapínur* – Innfluttur í byrjun 20. aldar til skógræktartilrauna.¹³⁵ Farinn að sá sér töluvert út í Mörkinni á Hallormsstað.¹⁵⁴

Cupressaceae **Einisætt**

41. **Juniperus communis** L. subsp. **nana** (Willd.) Syme – **Einir** – Algengur eða víða um land nema sjaldgæfur í Húnavatnssýslu norður að Steingrímsfirði, og á Suðurlandi frá Þjórsá austur í Fljótshverfi. Vantar einnig á miðju Miðhálandinu.

MAGNOLIOPSIDA TVÍKÍMBLÖÐUNGAR

SALICALES VÍÐISBÁLKUR

Salicaceae **Víðisætt**

42. *Salix alaxensis* (Anderss.) Coville – *Alaskavíðir* – Aðfluttur en algengur í ræktun, einkum skjólbeltarækt. Er víða farinn að sá sér á eigin spýtur¹²² og má teljast ílendur.
43. **Salix arctica** Pall. – **Fjallavíðir** – Algengur um land allt, síst þó á láglandi sunnanlands.
44. *Salix caprea* L. – *Selja* – Ræktuð á allmörgum stöðum, hefur sáð sér út á fáeinum stöðum t.d. á Egilsstöðum og í Grafarvogi og Kollafirði á höfuðborgarsvæðinu.¹²²
45. **Salix herbacea** L. – **Grasvíðir** – Algengur um land allt.
46. **Salix lanata** L. – **Loðvíðir** – Algengur um land allt.
47. *Salix myrsinifolia* Salisb. subsp. *borealis* (Fr.) Hyl. – *Víða* – Fyrst flutt inn um 1940¹³⁵ síðar allmikið í ræktun í görðum og skjólbeltum, sáir sér mjög auðveldlega út.¹²² Skráðar sjálfsánningar eru mest á þrem svæðum, Suðvesturlandi, við Eyjafjörð og á Fljótshéraði.¹³⁴



48. **Salix phylicifolia** L. – **Gulvíðir** – Algengur um land allt.
49. **Populus tremula** L. – **Blæösp** – Mjög sjaldgæf, innlend tegund, aðeins fundin villt á Norður- og Austurlandi.^{21, 54, 91} Hefur auk þess verið ræktuð víðar og dreifir sér þar með rötarteinungum.
50. **Populus trichocarpa** Torr. & A.Gray ex Hook. – **Alaskaösp** – Innflutt til skógræktar frá Alaska árið 1944³² og er víða farin að sá sér út, einkum í Eyjafirði, Skorradal og á Suður- og Suðvesturlandi.^{124, 134}
- Salix pentandra* L. – **Gljávíðir** – Ræktaður, en eitthvað farinn að sá sér út.¹²⁸

FAGALES

BEYKIBÁLKUR

Betulaceae **Bjarkarætt**

51. **Betula nana** L. – **Fjalldrapi** – Algengur um allt land nema ófundinn á Suðausturlandi frá Eyjafjöllum austur að Núpsstað.
52. **Betula pubescens** Ehrh. – **Birki** – Algengt um allt land nema sjaldgæft í Vestur-Húnavatnssýslu og sunnanverðri Strandasýslu.
53. **Alnus sinuata** (Regel) Rydb. – **Sitkaölur** – Innfluttur til skógræktar og hefur sáð sér nokkuð út, einkum í Stjórnarsandi við Kirkjubæjarklaustur, Skógey við Hornafjörð,¹⁵⁴ en einnig í Elliðaárdal,¹²⁹ Hveragerði og á Reyðarfirði.
- Alnus incana* (L.) Moench – **Gráölur** – Innfluttur fyrst upp úr aldamótunum 1900¹⁵ en síðan til skógræktar á sjötta áratug síðustu aldar.¹³⁵ Sáir sér ekki út, en skríður, og getur sennilega haldist við þannig til lengdar, m.a. í Elliðaárdal¹²⁹ og á Keldum.

URTICALES

NETLUBÁLKUR

Urticaceae **Netluætt**

54. **Urtica dioica** L. – **Brenninetla** – Hefur verið ræktuð víða a.m.k. síðan 1890 en líklega miklu lengur, og verið flutt á milli staða, vex víða sem eftirlega en dreifist ekki mikið.^{30, 74, 85, 137.}
55. **Urtica urens** L. – **Smánetla** – Hefur fundist allvíða um landið á ýmsum tímum, mest við suðvesturströndina. Vex einkum í fjörum eða matjurtagörðum. Engir fundir eru þekktir á Suðausturlandi frá Eyjafjöllum að Reyðarfirði.^{48, 112, 140, 145}

Cannabaceae **Hampætt**

- Cannabis sativa** L. – **Hampjurt** – Mjög sjaldgæfur slæðingur, Örfirisey 1966.¹³⁴

POLYGONALES

SÚRUBÁLKUR

Polygonaceae **Súruætt**

56. **Rumex acetosa** L. subsp. **acetosa** – **Túnsúra** – Algengur um land allt. Tvær deilitegundir hafa verið aðgreindar hér,¹¹⁹ subsp. **acetosa** sem einkum vex á láglendi við bæi og talið er aðflutt við landnám og subsp. **islandicus** (A.Löve) O. Nilsson sem er innlend og er bæði á láglendi og til fjalla.
57. **Rumex acetosella** L. – **Hundasúra** – Algengur á Suður- og Vesturlandi, annars staðar víða nema á Vestfjörðum, Norðausturlandi og Miðhálandinu. Skipt niður í þrjár deilitegundir, og er lítið vitað um útbreiðslu þeirra hverrar um sig.¹¹⁹ subsp. **acetosella**, subsp. **tenuifolius** (Wallr.) O.Schwarz smásúra og subsp. **arenicola** Mäkinen ex Elven.
58. **Rumex longifolius** DC. – **Njólí** – Algengur í byggð um mest allt landið.
59. **Oxyria digyna** (L.) Hill – **Ólafssúra** – Algengur um allt land, einkum til fjalla.
60. **Persicaria amphibia** (L.) Gray – **Tjarna-bláðka** – Mj. sj. vatnajurt, hefur fundist í þrem vötnum:¹³⁴ Við Hofgarða á Snæfellsnesi, í Gaulverjabæjartjörn í Flóa þar sem hún nú er útdauð, og að lokum í Kakkarvatni í Flóa.
61. **Persicaria maculosa** Gray – **Flóajurt** – Allvíða við jarðhita, einkum á Suður- og Suðvesturlandi.¹³⁷ Aðeins á fáum stöðum sem slæðingur í köldum jarðvegi.¹³⁴
62. **Bistorta vivipara** (L.) Delarbre – **Kornsúra** – Mjög algengur um allt land í flestum gróðurlendum.
63. **Koenigia islandica** L. – **Naflagras** – Algengt um allt land nema á hálendinu vestan Jökulsár á Fjöllum.
64. **Polygonum aviculare** L. – **Blóðarfi** – Algengur í byggð kringum landið, sjaldgæfur annars staðar. Tvær deilitegundir eru þekktar héðan,¹¹⁹ subsp. **boreale** (Lange) Karlsson sem er algengur í byggð og subsp. **neglectum** (Besser) Arcang. sem hefur verið staðfest frá einum stað og er væntanlega innfluttur slæðingur.¹¹⁹
- Rumex crispus* L. – **Hrukkunjólí** – Sjaldgæfur slæðingur,^{111, 139} einkum fundinn í nágrenni Reykjavíkur,⁹² en einnig í Hnífsdal⁴⁸ og á Akureyri.¹³⁴
- Rumex obtusifolius* L. subsp. **sylvestris** (Wallr.) Čelak – **Borgarnjólí** – Sjaldgæfur slæðingur sem hefur fundist á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, Vestfjörðum og á Norðurlandi.^{108, 151}
- Rumex stenophyllus* Ledeb. – **Akurnjólí** – Mj. sj. slæðingur sem fannst á Akureyri um 1950.^{111, 134, 151}
- Rumex thyrsiflorus* Fingerh. – **Skúfasúra** – Mj. sj. slæðingur á Fljótsdalshéraði 2003⁶⁴.
- Rumex triangulivalvis* (Danser) Rech.f. – **Bugðunjólí** – Mj. sj. slæðingur sem fannst á Gleráreyrum, Akureyri rétt eftir 1950.^{111, 134, 149}
- Rheum x rhabarbarum* L. – **Rabbarbari** – Víða ræktaður við bæi, langlífur í yfirgefnum garðlöndum, en dreifir sér ekki.

Fallopia convolvulus (L.) Á.Löve – *Vafsúra* – Slæðingur sem fundist hefur víða um land allt síðan 1888 og sums staðar vaxið á sama stað árum saman.^{74, 137, 139, 147}

Fallopia sachalinensis (F.Schmidt ex Maxim.) Ronse Decr. – *Risasúra* – Sjaldgæfur slæðingur á Norðfirði og í Mjóafirði 1949–1966.^{100, 111, 134}

Persicaria lapathifolia (L.) Gray – *Lóblaðka* – Sjaldgæfur slæðingur sem fundist hefur á nokkrum stöðum á Suðvesturlandi og Norðurlandi.^{74, 120, 134}

Bistorta officinalis Delarbre – *Slöngusúra* – Slæðingur á Siglufirði frá 1954–1963.¹¹¹

Aconogonum alpinum (All.) Schur – *Snæsúra* – Innflutt garðjurt af súruætt, slæðingur í Elliðaárdal.¹²⁹

Fagopyrum esculentum Moench – *Bókhveiti* – Slæðingur sem fundist hefur í allmörgum kaupstöðum á landinu frá 1944 til 1973.^{117, 147}

Fagopyrum tataricum (L.) Gaertn. – *Tatarabókhveiti* – Mj. sj. slæðingur, aðeins fundinn í Reykjavík 1945.^{96, 111}

PLUMBAGINALES

GULLINTOPPUBÁLKUR

Plumbaginaceae *Gullintoppuætt*

65. *Armeria maritima* (Miller) Willd. – *Geldinga-hnappur* – Algengur um land allt.

CARYOPHYLLALES

HJARTAGRASBÁLKUR

Chenopodiaceae *Hélunjólaætt*

66. *Atriplex glabriuscula* Edmonston – *Hrímblaðka* – Algeng með ströndum landsins, vex eingöngu í sand- og malarfjörum.

67. *Atriplex longipes* Drejer subsp. *praecox* (Hülph.) Turesson – *Hélublaðka* – Talin vaxa hér, staðfest frá Breiðdalsvík,¹¹⁹ en alls er óvíst með útbreiðslu hennar annars staðar þar sem hún er torgreind frá hrímblöðku nema með vel þroskuðum aldinum.

Atriplex patula L. – *Akurhrímblaðka* – Mjög sjaldgæfur slæðingur á Oddeyri 1945.¹³⁴ Íslenska hrímblaðkan var áður talin til þessarar tegundar¹³⁹ en nú er hún talin vera *A. glabriuscula*.

Chenopodium album L. – *Hélunjóli* – Finnst alltaf öðru hverju sem slæðingur í byggð og þéttbýli, en ílendist ekki til lengdar.¹¹¹

Chenopodium berlandieri Moq. – *Texasnjóli* – Mj. sj. slæðingur á Akureyri 1950.^{134, 119}

Chenopodium murale L. – *Netlunjóli* – Mj. sj. slæðingur á Akureyri 1946.^{119, 134}

Chenopodium opulifolium Schrad. ex W.D.J. Koch & Ziz – *Hærunjóli* – Mj. sj. slæðingur á Akureyri 1951.^{111, 134, 147}

Chenopodium pratericola Rydb. – *Gæsanjóli* – Mj. sj. slæðingur á Akureyri 1950 og 1951.^{111, 134, 147}

Chenopodium suecicum Murr – *Svíanjóli* – Mj. sj. slæðingur í Öxarfirði og Hveragerði 1963 og 1964.¹¹⁹

Suaeda maritima (L.) Dumort. – *Salturt* – Sjaldgæfur slæðingur, aðeins í Reykjavík.¹¹¹

Salsola tragus L. – *Þornurt* – Slæðingur á Akureyri um 1950.^{111, 147}

Portulacaceae *Grýtuætt*

68. *Montia fontana* L. – *Lækjagrýta* – Algeng um land allt við læki og lindir.

Claytonia sibirica L. – *Rósagrýta* – Slæðingur á Seyðisfirði og nágrenni.⁶⁴ Ræktuð í gördum, og dreifist auðveldlega þaðan.

Caryophyllaceae *Hjartagrassætt*

69. *Spergula arvensis* L. subsp. *sativa* (Mert. & W.D.J.Koch) Čelak – *Skurfa* – Algeng á Suðvesturlandi frá Hvammsfirði að Mýrdal, einnig víða frá Öræfum norður í Reyðarfjörð. Annars staðar sjaldgæfur slæðingur.

70. *Spergularia salina* J. & C.Presl – *Flæðaskurfa* – Mjög sjaldgæf, aðeins fundin í Langey, Purkey⁸⁸ og á Langeyjarnesi⁸⁹ við Breiðafjörð.

71. *Sagina caespitosa* (J.Vahl) Lange – *Fjallkrækill* – Sjaldgæfur, mest á Norðausturlandi^{54, 67, 71} en fundinn í flestum landshlutum.

72. *Sagina nivalis* (Lindblad) Fries – *Snækrækill* – Algengur til fjalla og á miðhálandinu.

73. *Sagina nodosa* (L.) Fenzl subsp. *borealis* G.E. Crow – *Hnúskakrækill* – Algengur á láglandi, sjaldgæfur á hálendinu.

74. *Sagina procumbens* L. – *Skammkrækill* – Algengur um land allt.

75. *Sagina saginoides* (L.) H.Karsten – *Langkrækill* – Algengur, einkum norðanlands og á miðhálandinu.

76. *Sagina subulata* (Swartz) C. Presl – *Broddkrækill* – Víða við sjó á Vesturlandi og Vestfjörðum, einnig á Austfjörðum frá Vopnafirði suður í Lón. Ófundinn annars staðar.

77. *Minuartia biflora* (L.) Schinz & Thell. – *Fjallanóra* – Víða til fjalla um meiri hluta landsins, þó sjaldséð á Suðvestur- og Suðurlandi.

78. *Minuartia rubella* (Wahlenb.) Hiern – *Mellanóra* – Algeng um land allt.

79. *Minuartia stricta* (Swartz) Hiern – *Móanóra* – Fremur strjál, en finnst vítt og breitt inn til landsins og á hálendinu á Norður- og Austurlandi.

80. *Honkenya peploides* (L.) Ehrh. subsp. *diffusa* (Hornem.) Hultén – *Fjöruarfi* – Algengur í fjörum kringum landið.

81. *Arenaria norvegica* Gunn. – *Skeggsandi* – Víðast algengur, nema sjaldgæfur á norðanverðum Vestfjörðum.



82. *Stellaria alsine* Grimm – *Bakkaarfi* – Mj. sj., aðeins fundinn á einum stað árið 2006.¹³³ Ekki fullljóst hvort hér er um aðflutta eða innlenda tegund að ræða.
83. *Stellaria borealis* Bigelow – *Línarfi* – Sjaldgæfur, mest innanlega við Djúp á Vestfjörðum, en fundinn á nokkrum stöðum öðrum, einkum á Norðurlandi.^{48, 134}
84. *Stellaria crassifolia* Ehrh. – *Stjörnuarfi* – Allvíða um landið, einkum á Norðurlandi.
85. *Stellaria graminea* L. – *Akurarfi* – Algengur og löngu ílendur í byggðum landsins.^{71, 111}
86. *Stellaria humifusa* Rottb. – *Lágarfi* – Víða um land allt á sjávarfitjum, nema ófundinn á Suðurlandi frá Reykjanesskaga að Öræfum.
87. *Stellaria media* (L.) Vill. – *Haugarfi* – Algengur um land allt nema óvíða á Miðhálandinu.
88. *Cerastium alpinum* L. – *Músareyra* – Mjög algengt um land allt bæði á láglendi og hæst til fjalla. Þrjár deilitegundir eru taldar vera hér: subsp. **alpinum** og subsp. **lanatum** (Lam.) Ces., *loðeyra*, eru algengar um land allt, subsp. **glabratum** (Hartman) Á. & D.Löve, *snoðeyra*, hefur fundist hér og hvar en strjált um norðurhelming landsins.
89. *Cerastium cerastoides* (L.) Britton – *Lækjafræhyrna* – Algeng, einkum til fjalla.
90. *Cerastium fontanum* Baumg. – *Vegarfi* – Algengur á láglendi. Tvær deilitegundir eru hér á landi¹²⁰, subsp. **fontanum** sem er innlend og algeng og subsp. **vulgare** (Hartm.) Greuter & Burdet sem talin er aðflutt með manninum og vex einkum í grennd mannabústaða.
91. *Cerastium glomeratum* Thuill. – *Hnoðafræhyrna* – Allvíða á Suðvestur- og Suðurlandi allt austur til Suðursveitar og Hornafjarðar⁹⁹, einkum á jarðhitasvæðum.
92. *Cerastium nigrescens* (H.C.Watson) Edmondston var. **laxum** (Lindblad) Brysting & Elven – *Fjallafræhyrna* – Algeng hátt til fjalla, vantar á láglendi.
93. *Viscaria alpina* L. – *Ljósberi* – Víða eða algengur um land allt.
94. *Lychnis flos-cuculi* L. – *Munkahetta* – Víða á svæðinu frá Fljótshlíð⁵¹ austur í Mýrdal, einnig í Öræfum. Annars staðar mjög sjaldgæf og aðeins sem slæðingur.¹⁰¹
95. *Silene acaulis* (L.) Jacq. – *Lambagras* – Algengt um land allt.
96. *Silene dioica* (L.) Clairv. – *Dagstjarna* – Ræktuð til skrauts, sáir sér mikið út og er víða orðin ílend.^{111, 134}
97. *Silene uniflora* Roth – *Holurt* – Algeng um mestallt landið.

Cerastium biebersteinii DC. – *Rottueyra* – Ræktuð sem skrautjurt, slæðingur í Elliðaárdal.¹²⁹

Agrostemma githago L. – *Akurstjarna* – Sást sem slæðingur á nokkrum stöðum frá 1890 til 1976.^{111, 137, 139} Hefur ekki verið skráð í seinni tíð, er líklega á undanhaldi.

Silene latifolia Poir. subsp. **alba** (Miller) Greuter & Burdet – *Aftanstjarna* – Víða ræktuð í gördum, slæðingur á þrem stöðum.¹³⁴

Silene noctiflora L. – *Rökkurstjarna* – Slæðingur á Oddeyri 1953.^{111, 149}

Silene vulgaris (Moench) Garcke – *Garðaholurt* – Víða í ræktun í gördum, hefur sáð sér út á nokkrum stöðum.^{17, 111, 134}

Vaccaria hispanica (Miller) Rauschert – *Kúajurt* – Mj. sj. slæðingur í Reykjavík 1948–50.^{92, 111}

NYMPHAEALES

VATNALILJUBÁLKUR

Nymphaeaceae *Vatnaliljuætt*

Nuphar pumila (Timm) DC. – *Dvergvatnalilja* – Mj. sj., upphaflega gróðursett í Djáknatjörn í Krossanesborgum eftir 1970, og hefur dafnað þar síðan.⁶³

RANUNCULALES

SÓLEYJABÁLKUR

Ranunculaceae *Sóleyjaætt*

98. *Caltha palustris* L. – *Hófsóley* – Algeng á láglendi um land allt.
99. *Thalictrum alpinum* L. – *Brjóstagras* – Algengt um land allt.
100. *Beckwithia glacialis* (L.) Á. & D.Löve – *Jökla-sóley* – Algeng til fjalla á blágrýtissvæðum landsins, ófundin á móbergssvæðinu sunnan jökla og sjaldgæf á því norðan jökla.
101. *Ranunculus acris* L. – *Brennisóley* – Algeng um land allt. Íslenskum eintökum hefur verið skipt í tvær deilitegundir,^{120,19} subsp. **villosus** (Drabble) Nyman sem er algengust á láglendi, og subsp. **pumilus** (Wahlenb.) Á. & D.Löve sem einkum vex til fjalla.
102. *Ranunculus auricomus* L. – *Sifjarsóley* – Sjaldgæf, aðeins fundin í útsveitum á Austurlandi,^{21, 45} miðju Norðurlandi,^{24, 31} Vestfjörðum og Snæfellsnesi.¹⁴⁹
103. *Ranunculus hyperboreus* Rottb. – *Trefjasóley* – Víða um allt land.
104. *Ranunculus pygmaeus* Wahlenb. – *Dvergsóley* – Algeng hátt til fjalla, hvergi á láglendi.
105. *Ranunculus repens* L. – *Skríðsóley* – Allvíða í byggð og á gömlum eyðibýlum.
106. *Ranunculus reptans* L. – *Flagasóley* – Algeng um land allt.
107. *Batrachium eradicatum* (Laest.) Fr. – *Lónasóley* – Algeng um land allt í vötnum og tjarnapollum.

Aconitum x stoerkianum Reichenb. – *Fagurhjálmur* – Ræktaður í skrúðgördum, slæðingur í Elliðaárdal.¹²⁹

Aconitum napellus L. subsp. *lusitanicum* Rouy – *Venusvagn* – Ræktaður í görðum, helst stundum lengi utan-garðs, t.d. í Reykjavík og á Seyðisfirði.¹³⁴

Anemone nemorosa L. – *Skógarsóley* – Aðflutt í Ásbyrgi³³ og Vaglaskógi fyrir 1990. Hefur dreift sér og ílenst í Ásbyrgi, en mun vera horfin aftur úr Vaglaskógi.

Ranunculus aconitifolius L. – *Silfursóley* – Ræktað í skrudgördum, slæðingur í Elliðaárdal.¹²⁹

PAPAVERALES

DRAUMSÓLEYJABÁLKUR

Papaveraceae *Draumsóleyjaætt*

108. *Papaver croceum* Ledeb. – *Garðasól* – Víða ræktað, sáir sér auðveldlega út og víða orðin ílend.

109. *Papaver radicum* Rottb. – *Melasól* – Algeng á Vestfjörðum og Austfjörðum, einnig allvíða á vestanverðu landinu suður að Skarðsheiði og austur á Skaga. Hátt til fjalla í innsveitum Eyjafjarðar og Skagafjarðar allt suður í Asbjarnarfell. Sjaldgæf annars staðar. Af melasól eru taldar þrjár deilitegundir hér á landi,¹²⁰ subsp. *radicum* með gul blóm sem algengust er á Vestfjörðum og Norðurlandi, subsp. *stefanssonii* (Á.Löve) Jonsell & Ö.Nilsson, *stefánssól*, sem hefur hvít eða bleik blóm og er sjaldgæf á Vestfjörðum og vestanverðu Norðurlandi, og að lokum subsp. *steindórssonianum* (Á.Löve) Knaben ex Ö. Nilsson en það er allur Austfjarðastofinn sem er með gulum blómum.¹²⁰

Papaver somniferum L. – *Draumsól* – Sj. slæðingur sem alloft barst með fræi í sáðlönd bænda, einkum um miðbik síðustu aldar,^{146, 147} en helst ekki til lengdar. Hefur lítið sést á síðari árum.

Fumariaceae *Reykjurtaætt*

Fumaria officinalis L. – *Reykjurt* – Mjög sjaldgæfur slæðingur, fannst í Reykjavík 1951.^{79, 111}

CAPPARALES

KROSSBLÓMABÁLKUR

Brassicaceae *Krossblómaætt*

110. *Arabis petraea* (L.) – *Melablóm* – Mjög algengt um allt land.

111. *Erysimum strictum* P.Gaertn., B. Mey. & Scherb. – *Aronsvöndur* – Allvíða á Vesturlandi frá Þjórsá norður á Vestfirði og einnig frá Eyjafirði um Suður-Þingeyjarsýslu í Mývatnssveit. Annars staðar sjaldgæfur. Algengastur í Mývatnssveit við strendur vatnsins og í hólum, annars mest í klettum einkum við hreiðurstaði fugla.

112. *Barbarea stricta* Andr. – *Hliðableikja* – Slæðingur sem hefur breiðst út allvíða og ílenst á höfuðborgarsvæðinu og í Eyjafirði síðan 1969.¹¹⁴

113. *Rorippa islandica* (Oeder & Murray) Borbas – *Kattarjurt* – Útbreidd á Suðvesturlandi frá Hvalfirði að Þjórsá, og einnig á miðju Norðurlandi frá Fljótum austur í Öxarfjörð. Sjaldgæf annars staðar.

114. *Cardamine bellidifolia* L. – *Jöklaklukka* – Fremur sjaldgæf, á víð og dreif um landið til fjalla nema á Suðurlandi.

115. *Cardamine hirsuta* L. – *Lambaklukka* – Algeng á Suðvesturlandi frá Borgarfirði austur í Óræfi, annars staðar sjaldgæf.

116. *Cardamine pratensis* L. subsp. *angustifolia* (Hook.) O.E. Schulz – *Hrafnaklukka* – Algeng um land allt.

117. *Arabis alpina* L. – *Skríðnablóm* – Algengt um allt land, einkum í giljum og gljúfrum.

118. *Draba arctogena* (E.Ekman) E.Ekman – *Heiðavorblóm* – Algengt til fjalla á norðanverðu landinu og á hálendinu. Þessi tegund hefur fram til þessa verið talin til *Draba* norvegica^{60, 139} eða *Draba* fladnizensis.⁶

119. *Draba glabella* Pursh. – *Túnvorblóm* – Víða um land, sjaldgæfari á Suðvesturlandi en í öðrum landshlutum. Tegund þessi hefur áður verið talin með *Draba* norvegica,^{60, 139} eða verið nefnd *Draba* daurica.⁶

120. *Draba incana* L. – *Grávorblóm* – Algengt um land allt nema á Miðhálandinu.

121. *Draba lactea* Adams – *Snoðvorblóm* – Hefur fundist allvíða á landræna svæðinu norðan jökla, annars staðar sjaldgæft. Hefur áður oft ekki verið aðgreint frá hagavorblómi.

122. *Draba nivalis* Liljeblad – *Héluvorblóm* – Dreift um landræna svæðið norðan jökla, en mjög strjált.

123. *Draba norvegica* Gunn. – *Hagavorblóm* – Því sem áður var talið til þessarar tegundar á Íslandi⁶⁰ eða til *D. rupestris*¹³⁹ hefur nú verið skipt upp í þrjár tegundir,¹⁹ og er enn óvíst um hvort *Draba* norvegica *sensu stricto* sé til í landinu eða ekki.

124. *Draba oxycarpa* Sommerf. – *Fjallavorblóm* – Hér og hvar um Miðhálandið, einkum norðan til, og hátt til fjalla á Norður- og Austurlandi.

125. *Draba verna* L. – *Vorperla* – Algeng á Fljótsdalshéraði og frá Norðurlandi vestur í Breiðafjörð, annars staðar mjög sjaldgæf.

126. *Cochlearia officinalis* L. – *Skarfakál* – Algengt í sjávarklettum kringum landið.

127. *Cochlearia groenlandica* L. – *Fjallaskarfakál* – Fremur sjaldgæft, fundið á allmörgum stöðum hátt til fjalla á Norðurlandi⁵⁷ og á Miðhálandinu.²⁶

128. *Capsella bursa-pastoris* (L.) Medik. – *Hjartarfi* – Algengur í byggð um allt land, einkum við gripahús, í matjurtaækt og annars staðar þar sem búfjáraburður er notaður.

129. *Subularia aquatica* L. – *Alurt* – Víða um land í tjörnum og vötnum, sjaldgæf á Vestfjörðum.

130. *Cakile maritima* Scop. subsp. *islandica* (Goud.) Hyl. ex Elven – *Fjörुकál* – Algengt í fjörusandi einkum við vestanvert landið, strjálí um norðan- og austanvert landið.



Sisymbrium altissimum L. – *Risadesurt* – Slæðingur sem sést hefur allvíða um land allt síðan 1895.^{111, 134, 147} Sums staðar talinn innfluttur með hænsnafóðri.⁹⁸

Sisymbrium officinale (L.) Scop. – *Götudesurt* – Slæðingur í Reykjavík 1959.^{108, 111}

Descurainia incana (Bernh. ex Fisch. & C.A.Mey.) Dorn – *Gráþeffjurt* – Slæðingur á Akureyri 1949,¹³⁴ ófundin annars staðar.

Descurainia sophia (L.) Webb ex Prantl – *þeffjurt* – Slæðingur sem breiddist nokkuð út í Hörgárdal milli 1890–1900, og hefur sést öðru hvoru síðan bæði þar og víðar á Miðnorðurlandi⁷⁴ og á höfuðborgarsvæðinu.¹¹¹

Isatis tinctoria L. – *Litunarklukka* – Mj. sj. slæðingur, aðeins fundin í Reykjavík 1966.¹³⁴

Erysimum cheiranthoides L. – *Akurgyllir* – Hefur fundist á nokkrum stöðum, einkum á Suðvesturlandi og í Eyjafirði á tímabilinu frá 1939–1970.^{18, 111, 134}

Erysimum repandum L. – *Hafnagyllir* – Mj. sj. slæðingur á Sauðárkróki um aldamótin 1900.¹³⁶

Hesperis matronalis L. – *Næturfjóra* – Slæðingur á örfáum stöðum, í Reykjavík og Vestmannaeyjum,¹¹¹ Kópavogi, Siglufirði¹³⁴ og á Norðfirði.

Malcolmia maritima (L.) R.Br. – *Martoppur* – Mj. sj. slæðingur í Vestmannaeyjum 1991.¹³⁴

Barbarea vulgaris W.T.Aiton – *Garðableikja* – Slæðingur með grasfræi allvíða um land frá tímabilinu 1910–1970,⁷⁴ og var á tímabili talin ílend,⁶⁸ en hefur lítið sést í seinni tíð. *Barbarea vulgaris* var. *arcuata* (Opiz ex J.Presl & C.Presl) Fr., *akurbleikja*, hefur verið skráð sem sjaldgæfur slæðingur á Siglufirði.¹¹¹

Rorippa nasturtium-aquaticum (L.) Hayek – *Brunnperla* – Slæðingur á Sólheimum í Grímsnesi.¹¹¹

Rorippa sylvestris (L.) Besser – *Flækjujurt* – Slæðingur sem fundist hefur allvíða, einkum á Suðvesturlandi og Eyjafjarðarsvæðinu.^{79, 111, 134, 147}

Armoracia rusticana P.Gaertner, B.Meyer & Scherb. – *Piparrót* – Innflutt og ræktað, slæðist stöku sinnum frá ræktun,¹¹¹ en hverfur fljótt aftur.

Cardamine flexuosa With. – *Kjarrklukka* – Óstaðfestar heimildir eru um þessa tegund frá Dyrhólum⁵⁰ og Seyðisfirði (1931).¹³⁴

Berteroa incana (L.) DC. – *Hvítduðra* – Sjaldgæfur slæðingur, óx á Sviðugörðum í Árnessýslu í nokkur ár, 1955–1960, talin innflutt með hænsnafóðri.¹⁰⁵

Camelina microcarpa Andr. ex DC. – *Hárdoðra* – Slæðingur sem sást hér og hvar á tímabilinu frá 1890 fram um 1950,⁷⁴ en engar heimildir eru um hárdóðruna síðar.

Camelina sativa (L.) Crantz – *Akurdoðra* – Slæðingur fundinn á þrem stöðum við Eyjafjörð á tímabilinu frá 1922–1956.^{111, 134} Ekki kunnugt um hann síðar.

Thlaspi arvense L. – *Akursjóður* – Slæðingur við bæi allvíða um landið.^{111, 112, 134}

Nocca caerulea (J. & C.Presl) F.K.Mey. – *Varpasjóður* – Mj. sj. slæðingur fundinn í Reykjavík,¹⁰⁵ Borgarnesi og Húsavík.

Lepidium campestre (L.) R.Br. – *Akurperla* – Sjaldgæfur slæðingur fundinn á örfáum stöðum frá 1922–1966.¹¹¹

Lepidium densiflorum Schrad. – *Þyrpiperla* – Mj. sj., aðeins fundin á Gleráreyrum, Akureyri 1950 og 1951.^{111, 134, 147}

Lepidium latifolium L. – *Strandperla* – Mj. sj. slæðingur í grennd við Dalvík 1940.^{74, 111, 139}

Lepidium neglectum Thell. – *Kringluperla* – Mj. sj., aðeins fundin á Dalvík og í Reykjavík 1940–1943.¹³⁴

Lepidium perfoliatum L. – *Síðurperla* – Mj. sj., aðeins fundin á Sauðárkróki 1893.¹³⁴

Lepidium ruderales L. – *Haugperla* – Mj. sj., aðeins fundin á Kornsa í Vatnsdal fyrir 1900¹³⁶ og á Gleráreyrum á Akureyri 1950.^{134, 147}

Lepidium sativum L. – *Garðperla* – Mj. sj., aðeins fundin á þrem stöðum, Reykjavík, Siglufirði og Akureyri frá 1922–1966.¹³⁴

Lepidium virginicum L. – *Virginíuperla* – Mj. sj., aðeins fundin á einum stað, Naustanesi í Kollafirði 1946.¹³⁴

Conringia orientalis (L.) Dumort. – *Káljurt* – Einær slæðingur sem sást allvíða á fyrri hluta síðustu aldar, en lítið í seinni tíð.¹³⁴

Brassica napus L. – *Gulrófa*, *repja* – Ræktað víða, annars vegar deilitegundin subsp. *rapifera* Metzg. (*gulrófa*) og hins vegar sem fódurjurt, subsp. *oleifera* (DC.) Metzg. (*repja*). Einkum sú síðarnefnda sést oft sem slæðingur við fódurakra.¹³⁴

Brassica oleracea L. – *Garðakál* – Mikið ræktað í mörgum tilbrigðum (blómkál, hvítkál, grænkál o.fl.). Blómstrar oft á síðara ári í og við garða, en helst trúlega ekki til lengdar.¹³⁴

Brassica rapa L. subsp. *campestris* (L.) Clapham – *Arfanæpa* – Slæðingur allvíða bæði við garða og hænsnabú.¹¹² Önnur deilitegund, subsp. *rapa*, *næpa*, er nokkuð ræktað til manneldis, blómstrar stundum á síðari ári í yfirgefnum gördum, en helst varla lengi.

Sinapis alba L. – *Hvítur mustarður* – Slæðingur sem fundist hefur á nokkrum stöðum í sáðsléttum og við kartöflugarða.^{134, 145}

Sinapis arvensis L. – *Arfamustarður* – Allalgengur slæðingur víða um land allt frá 1890.^{111, 147}

Erucastrum gallicum (Willd.) O.E.Schulz – *Hundakál* – Hefur tvisvar fundist í Reykjavík, 1966 og 1976, í síðara skiptið við Sundahöfn.¹³⁴

Raphanus raphanistrum L. – *Akurhreðka* – Allalgengur slæðingur sem fundist hefur hér og þar í garðlöndum og á grænfóðursökum.¹¹¹

Raphanus sativus L. – *Ætihreðka* – Víða ræktað sem fódurjurt, slæðist þaðan en er að jafnaði ekki til langframa.¹¹¹

Limnathaceae *Deigljurtarætt*

Limnanthes douglasii R.Br. – *Eggjablóm* – Mj. sj. slæðingur, fannst á háskólalóðinni í Reykjavík 1953.^{97, 111, 134}

NEPENTHALES
KÖNNUBÁLKUR

Droseraceae Söldaggarætt

131. **Drosera rotundifolia** L. – **Söldögg** – Hér og hvar í útsveitum á Vesturlandi og á Vestfjörðum, einnig í útsveitum beggja vegna Eyjafjarðar. Sjaldgæf á Austurlandi, ófundin annars staðar.

SAXIFRAGALES
STEINBRJÓTSBÁLKUR

Crassulaceae Helluhnoðraætt

132. **Tillaea aquatica** L. – **Vatnsögn** – Mjög sjaldgæf, aðeins við jarðhita á þrem stöðum á Suðurlandi.^{12, 137, 139}
133. **Rhodiola rosea** L. – **Burnirót** – Víða um allt land nema þar sem beit er að staðaldri.
134. **Sedum acre** L. – **Helluhnoðri** – Víða um land allt.
135. **Sedum annuum** L. – **Skríðuhnoðri** – Víða á láglandi um vestan- og sunnanvert landið og Austurland norður á Hérað. Fremur sjaldgæfur á Miðnorðurlandi, ófundinn í Húnavatnssýslum og á stórum svæðum á Norðausturlandi.

136. **Sedum villosum** L. – **Flagahnoðri** – Algengur um land allt.

Sedum album L. – **Ljósahnoðri** – Slæðingur frá ræktun í Varmahlíð í Skagafirði 1965.¹¹¹

Hylotelephium maximum (L.) Holub – **Völvuhnoðri** – Ræktaður í görðum og hefur einu sinni (1964) fundist sem slæðingur í skriðu ofan við Hlíðarvatn í Selvogi.¹¹⁴

Hylotelephium telephium (L.) Ohba – **Sumarhnoðri** – Víða ræktaður til skrauts, slæðingur í Elliðaárdal.¹²⁹

Parnassiaceae Mýrasóleyjaætt

137. **Parnassia palustris** L. – **Mýrasóley** – Algeng um land allt.

Saxifragaceae Steinbrjótætt

138. **Saxifraga aizoides** L. – **Gullsteinbrjótur** – Algengur á Austurlandi frá Langanessströnd suður í Örfæfi.³⁷ Ófundinn utan þess svæðis.
139. **Saxifraga cespitosa** L. – **Þúfusteinnbrjótur** – Algengur um land allt.
140. **Saxifraga cernua** L. – **Laukasteinnbrjótur** – Allvíða til fjalla í flestum landshlutum, þó sjaldgæfari á Vestur- og Suðurlandi en annars staðar.
141. **Saxifraga cotyledon** L. – **Klettafrú** – Algeng eða víða á sunnanverðu Austurlandi frá Loðmundarfirði suður í Skaftártungu.³⁹ Ófundin annars staðar.

142. **Saxifraga foliolosa** R.Br. – **Hreistursteinbrjótur** – Sjaldgæfur, aðeins fundinn hátt til fjalla á Miðnorðurlandi frá Skagafirði austur í Kinnarfjöll.^{7, 57}

143. **Saxifraga granulata** L. – **Kornasteinnbrjótur** – Mj. sj. slæðingur á höfuðborgarsvæðinu.^{5, 139}

144. **Saxifraga hirculus** L. – **Gullbrá** – Víða um land, einkum á hálendinu. Ófundin á vestur- og norðurhluta Vestfjarða, Reykjanessskaga og afar sjaldséð í útsveitum á Norðurlandi.

145. **Saxifraga hypnoides** L. – **Mosasteinnbrjótur** – Algengur eða víða um land allt.

146. **Saxifraga nivalis** L. – **Snæasteinnbrjótur** – Algengur, einkum til fjalla.

147. **Saxifraga oppositifolia** L. – **Vetrarblóm** – Algengt um land allt.

148. **Saxifraga paniculata** Miller – **Bergsteinbrjótur** – Sjaldgæfur, mest þó norðantil á Austfjörðum. Hefur einnig fundist á nokkrum stöðum á Vesturlandi, Vestfjörðum og vestanverðu Norðurlandi.

149. **Saxifraga rivularis** L. – **Lækjasteinnbrjótur** – Víða um land, einkum til fjalla og á hálendinu, en sums staðar einnig í sjávarklettum.

150. **Saxifraga rosacea** Moench – **Toppasteinnbrjótur** – Allalgengur, einkum á láglandi á landinu sunnanverðu. Utbreiðsla illa þekkt, þar sem hann hefur ekki alltaf verið aðgreindur frá þúfusteinnbrjót.

151. **Saxifraga stellaris** L. – **Stjörnusteinnbrjótur** – Algengur um land allt nema þurrasta hluta öræfanna.

152. **Saxifraga tenuis** (Wahlenb.) H.Smith ex Lindm. – **Dvergsteinnbrjótur** – Fremur sjaldgæfur, þó allvíða hátt til fjalla.

Saxifraga umbrosa L. – **Skuggasteinnbrjótur** – Mikið ræktaður til skrauts, sáir sér eitthvað út og finnst því einnig sem slæðingur utan garða á höfuðborgarsvæðinu.^{17, 111, 129}

Grossulariaceae Stikilsberjaætt

153. **Ribes x pallidum** Otto & Dietr. – **Rífsberjarunni** – Mikið í ræktun, sáir sér víða í óræktaða jörð með aðstoð fugla og er sums staðar orðinn flendur.^{129, 134}

Ribes nigrum L. – **Sólberjarífs** – Ræktaður víða, vex á eigin spýtur sem slæðingur í Elliðaárdal.¹²⁹

Ribes rubrum L. – **Rauðberjarífs** – Slæðingur í löngu yfirgefnum lóðum í Elliðaárdal¹²⁹ og Grafarvogi.¹³⁰

Ribes uva-crispa L. – **Stikilsberjarunni** – Vex sem slæðingur frá ræktun í Elliðaárdal.¹²⁹



ROSALES

RÓ SABÁLKUR

Rosaceae Rósaætt

154. **Filipendula ulmaria** (L.) Maxim. – **Mjaðjurt** – Algeng um sunnan- og vestanvert landið frá Barðastrandasýslu austur í Hornafjörð og einnig við innanverðan Eyjafjörð. Annars fremur sjaldgæf, sums staðar slæðingur frá ræktun.
155. **Geum rivale** L. – **Fjaldalafífill** – Algengur um allt land nema á Suðausturlandi, virðist vanta þar á stórum svæðum.
156. **Dryas octopetala** L. – **Holtasóley** – Algeng um allt land.
157. **Sibbaldia procumbens** L. – **Fjallasmári** – Algengur til fjalla og þar sem snjóþungt er á láglandi.
158. **Potentilla crantzii** (Crantz) G.Beck ex Fritsch – **Gullmura** – Algeng um land allt.
159. **Potentilla erecta** (L.) Rauschel – **Blóðmura** – Mjög sjaldgæf, vex við jarðhita í Reykjarfirði nyrðri á Ströndum.⁴⁶ Vex aðeins á litlum bletti 1955 og óvíst um aldur hennar þar. Annars staðar hefur hún aðeins sést sem slæðingur á örfáum stöðum.
160. **Argentina anserina** (L.) Rydb. – **Tágamura** – Algeng einkum með ströndum fram, sjaldgæf á miðhálandinu.
161. **Argentina egedii** (Wormskj.) Rydb. – **Skeljamura** – Víða með sjó fram á norðanverðu landinu, vex eingöngu á sjávarfítjum.
162. **Comarum palustre** L. – **Engjarós** – Algeng.
163. **Fragaria vesca** L. – **Jarðarber** – Hitakær jurt sem er algeng um sunnan- og vestanvert landið, einnig víða í innsveitum frá Skagafirði austur í Suður-Þingeyjarsýslu og á Fljótsdalshéraði.
164. **Rubus saxatilis** L. – **Hrútaber** – Algeng um land allt, nema vantar sums staðar í Vestur-Húnavatnssýslu.
165. **Rosa dumalis** Bechst. – **Glitrós** – Mj. sj., aðeins fundin á Kvískerjum í Öræfum, fyrst getið árið 1756.¹³⁹
166. **Rosa pimpinellifolia** L. – **Þyrnirós** – Sjaldgæf, vex villt á 6 stöðum á landinu í dag,^{67, 91, 137} en útdauð á sjöunda staðnum.⁶⁵
167. **Alchemilla alpina** L. – **Ljónslappi** – Algengur um land allt.
168. **Alchemilla faeroensis** (Lange) Buser – **Mariuvöttur** – Algengur á Austurlandi frá Langanesi suður í Öræfi. Sjaldgæfur á austanverðu Norðurlandi,¹³⁹ ófundinn annars staðar.
169. **Alchemilla filicaulis** Buser – **Mariustakkur** – Algengur um land allt. Skiptist í tvær deilitegundir sem báðar eru algengar, subsp. **filicaulis** og subsp. **vestita** (Buser) M.E. Bradshaw, *hlíðamariustakkur*, sem áður var stundum talin sjálfstæð tegund.
170. **Alchemilla glabra** Neygenf. – **Brekkumariustakkur** – Vex á nokkrum stöðum í mismunandi landshlutum, stundum í þéttum breiðum. Betri upplýsingar vantar um útbreiðslu.¹³⁹
171. **Alchemilla glomerulans** Buser – **Hnoðamariustakkur** – Algengur um land allt, oft allhætt til fjalla.
172. **Alchemilla mollis** (Buser) Rothm. – **Garðamariustakkur** – Innfluttur og ræktaður í gördum, en hefur slæðst út fyrir þá á nokkrum stöðum^{126, 129, 134} og virðist sums staðar vera orðinn ílendur.
173. **Alchemilla subcrenata** Buser – **Engjamaríustakkur** – Sjaldgæfur, hefur fundist á nokkrum stöðum einkum við byggð.^{111, 146}
174. **Alchemilla wichurae** (Buser) Stefánsson – **Silfurmaríustakkur** – Allvíða um landið, vex einkum í giljum og á skjólsælum stöðum.
175. **Sanguisorba alpina** Bunge – **Höskollur** – Slæðingur frá ræktun, sums staðar ílendur.¹²³
176. **Sanguisorba officinalis** L. – **Blóðkollur** – Sjaldgæfur, fundinn á nokkru svæði á Suðvesturlandi frá Borgarfirði að Ölfusá, einnig á Snæfellsnesi. Nokkuð hefur blóðkollurinn einnig verið fluttur milli landshluta til ræktunar.⁴⁵
177. **Sorbus aucuparia** L. – **Reynir** – Víða um land, einkum í birkíkjarri á Vestfjörðum, í útsveitum Miðnorðurlands og á Austfjörðum. Víða ræktaður og dreifist þaðan með fuglum.
- Spiraea x billardii Héringc – **Úlfakvistur** – Slæðingur frá ræktun í gömlum lóðum og með úrgangi úr gördum.
- Spiraea salicifolia L. – **Víðikvistur** – Ræktaður víða, slæðingur í Elliðaárdal.¹²⁹
- Sorbaria sorbifolia (L.) A.Braun – **Reyniblaðka** – Ræktuð til skrauts, skráð sem slæðingur á einum stað.¹²⁹
- Filipendula kamtschatica (Pallas) Maxim. – **Rísamjaðjurt** – Ræktuð í gördum, slæðingur í Elliðaárdal í Reykjavík.¹²⁹
- Geum x heldreichii hort. ex Bergmans – **Skrúðdalafífill** – Ræktaður í gördum og er farinn að dreifa sér í Elliðaárdal í Reykjavík.¹²⁹
- Geum x sudeticum Tausch – **Blikdalafífill** – Ræktaður í gördum en farinn að dreifast og vaxa utan garðs í Elliðaárdal í Reykjavík.¹²⁹
- Geum macrophyllum Willd. – **Skógdalafífill** – Skráður sem slæðingur við malbikunarstöðina á Akureyri og í Elliðaárdal í Reykjavík.^{129, 134}
- Potentilla fruticosa L. – **Runnamura** – Víða í ræktun í gördum, slæðist eitthvað þaðan.¹²⁹
- Potentilla norvegica L. – **Noregsmura** – Hefur fundist á nokkrum stöðum sem slæðingur.^{70, 111, 134, 139}
- Rubus idaeus L. – **Hindber** – Ræktuð allvíða, hafa slæðst frá ræktun á nokkrum stöðum og ílenst.^{111, 114, 129}
- Rubus spectabilis Pursh – **Laxaber** – Slæðingur sem vex í töluverðum breiðum við Grafarvog¹³⁰ og hefur einnig fundist sjálfstætt inni í lúpínubreiðu.
- Rosa rugosa Thunb. ex Murray – **Ígulrós** – Slæðingur í yfirgefnum lóðum í Elliðaárdal og Grafarvogi.^{129, 130}
- Sanguisorba canadensis L. – **Kanadakollur** – Ræktaður, og sáir sér nokkuð út á höfuðborgarsvæðinu.

Malus x domestica Borkh. – *Eplatré* – Finnst oft sem litlar fræplöntur einkum í nágrenni skóla eða við sorphauga, en helst aldrei til langframa.^{97, 108, 111, 134}

Sorbus mougeotii Soy-Willem. & Godr. – *Alpareynir* – Sáir sér lítið eitt út frá ræktun, m.a. í Elliðaárdal.¹²⁹

Prunus padus L. – *Heggur* – Ræktaður í gördum, sáði sér á tímabili nokkuð út í Gróðrarstöðinni á Akureyri og síðar í Kjarnaskógi.¹⁵

FABALES

BELGJURTABÁLKUR

Fabaceae Belgjurtætt

178. *Lupinus nootkatensis* Donn ex Sims – *Alaskalúpína* – Ræktuð hér frá því snemma á 20. öld, innflutt til uppgræðslu frá Alaska 1945,³² dreifir sér sjálfkrafa og er löngu ílend.

179. *Trifolium hybridum* L. – *Túnsmári* – Innfluttur í fræblöndum til uppgræðslu og túnræktar. Sáir sér út og dreifist af sjálfsdáðum, löngu orðinn ílendur víða um land.^{30, 111, 112, 134}

180. *Trifolium medium* L. – *Skógarsmári* – Slæðingur sem orðinn er ílendur í Reykjavík og Hveragerði.¹³⁴

181. *Trifolium pratense* L. – *Rauðsmári* – Innflutt tegund sem er löngu orðin ílend á mörgum stöðum,^{70, 74, 111, 134} einkum norðanlands.

182. *Trifolium repens* L. – *Hvítsmári* – Útbreiddur um land allt, a.m.k. á láglendi nema fremur fátíður í sumum sveitum Vestfjarða og Norðausturlands.

183. *Anthyllis vulneraria* L. subsp. *borealis* (Rouy) Jalas – *Gullkollur* – Algengur á tveim svæðum landsins, á Reykjanesskaga og nyrst á Austfjörðum, einkum við Loðmundarfjörð.

184. *Vicia cracca* L. – *Umfeðmingur* – Víða um land á láglendi, algengastur á Suðvesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi.

185. *Vicia sepium* L. – *Giljaflækja* – Allvíða syðst á landinu, Vestmannaeyjum, undir Eyjafjöllum og í Mýrdal.⁸² Annars staðar á nokkrum stöðum sem slæðingur.^{29, 137}

186. *Lathyrus japonicus* Willd. subsp. *maritimus* (L.) P.W.Ball – *Baunagras* – Víða meðfram ströndum landsins í sandi, en einnig á nokkrum stöðum lengra inni í landi, einkum á Suðurlandi.

187. *Lathyrus palustris* L. – *Mýraertur* – Fremur sjaldgæfur en dreifðar kringum landið.^{44, 46, 72} Ófundnar á Suðausturlandi frá Mýrdal að Fáskrúðsfirði.

188. *Lathyrus pratensis* L. – *Fuglaertur* – Á allmörgum stöðum á Suðvesturlandi frá Höfuðborgarsvæðinu austur í Mýrdal. Sjaldgæfar í öðrum landshlutum.

Lupinus arcticus S.Wats. – *Skollalúpína* – Aðfluttur slæðingur á Keldnaholti í Reykjavík og á Geitasandi á Rangárvöllum.

Lupinus polyphyllus Lindl. – *Garðalúpína* – Ræktuð í gördum en hefur á nokkrum stöðum slæðst frá ræktun.^{129, 134}

Medicago lupulina L. – *Úlfasmári* – Sjaldgæfur slæðingur í Reykjavík og nágrenni 1876–1965.^{134, 138}

Medicago sativa L. – *Refasmári* – Mj. sj. slæðingur á örfáum stöðum 1933–1961.^{74, 134, 138}

Melilotus albus Medik. – *Mjallarsteinsmári* – Sjaldgæfur slæðingur á nokkrum stöðum.^{96, 134}

Melilotus officinalis (L.) Lam. – *Mánasteinsmári* – Sjaldgæfur slæðingur sem sést hefur hér og hvar um landið frá 1889 til 1977.^{74, 96, 111, 134}

Trifolium aureum Pollich – *Gullsmári* – Mj. sj. slæðingur á Akureyri 1923.¹³⁴

Trifolium dubium Sibth. – *Músasmári* – Mj. sj. slæðingur í Reykjavík 1950–1960.^{79, 111, 134}

Lotus corniculatus L. – *Akurmaríuskór* – Aðfluttur slæðingur á nokkrum stöðum, einkum á Suðvesturlandi.^{111, 134}

Astragalus alpinus L. – *Seljahnúta* – Innflutt og ræktuð til landgræðslu. Sáir sér töluvert út, m.a. á Fljótsdalshéraði.¹³⁴

Vicia angustifolia L. – *Sumarflækja* – Mj. sj. slæðingur við Siglunesvíta 1957.¹³⁴

Vicia hirsuta (L.) S.F.Gray – *Loðflækja* – Sjaldgæf, hefur sést sem slæðingur í Reykjavík, á Sauðárkróki og Akureyri 1895–1934.^{74, 134}

Vicia sativa L. – *Akurflækja* – Hefur verið ræktuð sem fóðurjurt, og fundist sem slæðingur á nokkrum stöðum á landinu.¹³⁴

Vicia villosa Roth – *Dúnflækja* – Mj. sj. slæðingur á Klængshóli í Svarfaðardal 1914.⁷⁴

Pisum arvense L. – *Gráertur* – Sjaldgæfur slæðingur sem hefur fundist á nokkrum stöðum.^{74, 111, 134}

Pisum sativum L. – *Garðertur* – Ræktuð sem fóðurjurt og finnst stundum sem slæðingur frá ræktun við vegi og bæi.^{111, 134, 139}

GERANIALES

BLÁGRESISBÁLKUR

Oxalidaceae Súrsmaeruætt

189. *Oxalis acetosella* L. – *Súrsmaera* – Mjög sjaldgæf, aðeins á örfáum stöðum á Austfjörðum frá Héraðsfloa suður í Seyðisfjörð.^{38, 107, 137}

Oxalis corniculata L. – *Hornsmæra* – Mj. sj. slæðingur við jarðhita í Hveragerði.¹³⁴

Oxalis stricta L. – *Akursmæra* – Mj. sj. slæðingur við jarðhita, aðeins fundinn í Hveragerði og í Reykholtssdal.^{105, 111, 112, 134}

Geraniaceae Blágresisætt

190. *Geranium sylvaticum* L. – *Blágresi* – Algengt um land allt.



Geranium x magnificum Hyl. – *Kóngablágresi* – Í ræktun sem garðjurt, slæðingur í Elliðaárdal.¹²⁹

Geranium molle L. – *Loðblágresi* – Mj. sj. slæðingur í Glerárhverfi, Akureyri 1939.^{74, 134}

Geranium pratense L. – *Garðablágresi* – Ræktað í görðum, hefur slæðst frá ræktun á höfuðborgar-svæðinu og víðar.^{74, 129}

Geranium pusillum L. – *Dvergblágresi* – Sjaldgæfur slæðingur í Reykjavík og á Akureyri.¹³⁴

Geranium robertianum L. – *Rauðgresi* – Slæðingur við Fiskverksmiðjuna Dverg í Reykjavík árið 1950.^{95, 111}

Erodium cicutarium (L.) L'Hér. – *Hegranef* – Aðeins fundið á þrem stöðum á Suðvesturlandi.^{116, 134, 137}

Linaceae *Línætt*

191. *Linum catharticum* L. – *Villilín* – Algengt um neðri hluta Suðurlands, á Skarðsströnd, við Eyjafjörð, á Fljótsdalshéraði og hluta af Austfjörðum. Ófunduð utan þessara svæða.

Linum usitatissimum L. – *Spunalín* – Sjaldgæfur slæðingur á fáeinum stöðum frá 1895–2000.^{111, 134, 146}

EUPHORBIALES

MJÓLKURJURTABÁLKUR

Euphorbiaceae *Mjólkurjurtætt*

Euphorbia cyparissias L. – *Sedrusmjólk* – Aðeins fundin einu sinni á Akureyri sem slæðingur úr garði.¹³⁴

MALVALES

STOKKRÓSABÁLKUR

Malvaceae *Stokkrósaætt*

Malva pusilla Sm. – *Hænsnarós* – Slæðingur í Reykjavík um 1950.^{79, 111, 134}

Malva verticillata L. var. *crispa* L. – *Kransmalva* – Líklega ræktað eitthvað sem salat, skráð sem slæðingur á Gamla Hrauni við Eyrarbakka 1950.^{108, 147}

THEALES

TERUNNABÁLKUR

Clusiaceae *Gullrunnaætt*

Hypericum maculatum Crantz – *Flekkjagullrunni* – Mj. sj. slæðingur, aðeins fundinn á tveim stöðum á Austfjörðum, Neskaupstað 1977 og við Reyðarfjörð 2003.¹³⁴

VIOLALES

FJÓLUBÁLKUR

Violaceae *Fjóluætt*

192. *Viola canina* L. – *Týsfjóla* – Algeng á láglendi kringum landið, nema sjaldgæf á Suðausturlandi frá Mýrdalssandi að Hornafirði. Tvær deilitegundir eru hér á landi, subsp. **canina** sem er algengust og subsp. **nemoralis** (Kütz), *urðafjóla*, sem hefur uppréttan stöngul og hefur fundist allvíða.

193. *Viola epipsila* Ledeb. – *Birkifjóla* – Víða á landræna svæðinu á austanverðu Norðurlandi⁶⁶,⁶⁷ og á Héraði. Ófundin utan þess.

194. *Viola palustris* L. – *Mýrfjóla* – Algeng í votlendi um land allt.

195. *Viola riviniana* Reichenb. – *Skógfjóla* – Fremur sjaldgæf, nokkuð útbreidd á fáum svæðum, sunnanverðum Reykjanesskaga, miðju Snæfellsnesi,¹⁴⁹ utan til á Flateyjarskaga við Eyjafjörð⁶⁶ og norðan Reyðarfjarðar á Austfjörðum.⁶⁷ Mjög sjaldséð utan þessara svæða.

196. *Viola tricolor* L. – *Brenningarfjóla* – Allvíða sums staðar á Vesturlandi og Norðurlandi, einnig á Fljótsdalshéraði og sumum fjörðunum fyrir austan. Sjaldgæf í öðrum landshlutum.

Viola arvensis Murray – *Arfafjóla* – Mj. sj. slæðingur á örfáum stöðum.^{108, 111}

MYRTALES

BRÚÐARLAUFSBÁLKUR

Onagraceae *Eyrarrósarætt*

197. *Epilobium alsinifolium* Vill. – *Lindadúnurt* – Algeng um allt land.

198. *Epilobium anagallidifolium* Lam. – *Fjalla-dúnurt* – Algeng til fjalla um allt land, sjaldgæf eða vantar á láglendi, einkum sunnanlands.

199. *Epilobium ciliatum* Raf. – *Vætudúnurt* – Barst til landsins um 1955¹¹¹ og hefur síðan breiðst mikið út um Suðvesturland og um Eyjafjörðinn og er orðin ílend á þeim stöðum. Fremur sjaldgæf annars staðar enn sem komið er. Tvær deilitegundir finnast hér af þessari tegund samkvæmt Snogerup sem hefur skoðað það sem til er í söfnum, subsp. *ciliatum* og subsp. *glandulosum* (Lehm.) Hoch & P.H. Raven, *kirtildúnurt*.¹³⁴

200. *Epilobium collinum* C.C.Gmelin – *Klappa-dúnurt* – Hitakær jurt sem er algeng á Suður- og Vesturlandi frá syðri hluta Vestfjarða allt norður til Seyðisfjarðar á Austurlandi. Sjaldgæf á norðanverðu landinu og vex þar sums staðar aðeins við jarðhita.

201. *Epilobium hornemannii* Reichenb. – *Heiðadúnurt* – Algeng um allt land, einkum til fjalla, vantar eða er sjaldgæf á láglendi sunnanlands.

202. **Epilobium lactiflorum** Hausskn. – **Ljósadúnurt** – Allalgeng en fremur strjál um allt land, sjaldséð á láglendi sunnanlands.
203. **Epilobium palustre** L. – **Mýradúnurt** – Algeng um allt land nema hátt til fjalla.
204. **Chamerion angustifolium** (L.) Holub. – **Sigurskúfur** – Sjaldgæfur, en dreifður um landið, algengastur á Miðnorðurlandi og Fljótsdalshéraði. Finnst bæði sem slæðingur í þéttbýli og villtur í hlíðarbrekkum og klettum.
205. **Chamerion latifolium** (L.) Holub. – **Eyrarrós** – Víða um land, einkum á hálendinu og meðfram ám.
- Epilobium montanum L. – **Runnadúnurt** – Sjaldgæfur slæðingur, hefur aðeins fundist í Mið- og Vesturbæ Reykjavíkur.¹¹¹

HALORAGALES MARABÁLKUR

Haloragaceae *Maraætt*

206. **Myriophyllum alterniflorum** DC. – **Síkjamari** – Allalgeng jurtt í síkjum og tjörnum víða um land.
207. **Myriophyllum sibiricum** Kom. – **Vatnamari** – Vatnajurt sem finnst allvíða á Norðurlandi frá Skagafirði austur í Óxarfjörð, sjaldgæf utan þess svæðis.

CORNALES SKOLLABERSBÁLKUR

Cornaceae *Skollabersætt*

208. **Cornus suecica** L. – **Skollaber** – Fremur sjaldgæf, vaxa á smáblettum, einkum á Vestfjörðum, útskögum við Skagafjörð og Eyjafjörð, og á norðanverðu Snæfellsnesi. Annars aðeins þekkt frá þrem stöðum norðan til á Austfjörðum.

APIALES SVEIPJURTABÁLKUR

Araliaceae *Bergfléttuætt*

209. **Hydrocotyle vulgaris** L. – **Vatnsnafli** – Víða við jarðhita í uppsveitum Borgarfjarðar og Árnessýslu, ófundinn annars staðar.

Apiaceae *Sveipjurtaætt*

210. **Anthriscus sylvestris** (L.) Hoffm. – **Skógarkefíll** – Fyrst skráður á Akureyri 1923⁶⁸ sem erlendur slæðingur en hefur síðan ílenst víða og breiðist ört út.¹⁰³

211. **Myrrhis odorata** (L.) Scop. – **Spánarkerfíll** – Ræktaður víða í gördum og hefur slæðst þaðan og er löngu ílendur.
212. **Carum carvi** L. – **Kúmen** – Algengt á Suður- og Suðvesturlandi, annars allvíða í byggðum landsins.
213. **Aegopodium podagraria** L. – **Geitakál** – Talið upphaflega innflutt af norskum hvalveiðimönnum að Asknesi við Mjóafjörð.¹¹¹ Var tekið í garða þaðan víðs vegar um Austfirði og er löngu orðið ílent.⁹⁹ Á nokkrum öðrum stöðum í nágrenni þéttbýlis.¹⁰³
214. **Ligusticum scoticum** L. – **Sæhvönn** – Allvíða í strandklettum á vestanverðu landinu, mjög sjaldgæf annars staðar.
215. **Angelica archangelica** L. – **Ætihvönn** – Algeng um allt land.
216. **Angelica sylvestris** L. – **Geithvönn** – Algeng víða um land nema á hálendinu.

Aethusa cynapium L. – **Villisteinselja** – Sjaldgæfur slæðingur 1966, Reykjavík.¹³⁴

Levisticum officinale Koch – **Skessujurt** – Ræktuð í gördum, vex sem slæðingur í Elliðaárdal.¹²⁹

Heracleum mantegazzianum Sommier & Levier – **Bjarnarkló** – Vinsæl jurtt til ræktunar í gördum, en er farin að dreifa sér af sjálfsdáðum á nokkrum stöðum.¹³⁴

Heracleum sphondylium L. – **Húnakló** – Hefur slæðst frá ræktun í Reykjavík, einkum í Skjólunum og við Gullinbrú.¹²⁶

Torilis japonica (Houtt.) DC. – **Runnakerfíll** – Mj. sj. slæðingur í Reykjavík um 1950.^{92, 111}

Daucus carota L. subsp. sativus (Hoffm.) Arcang. – **Gulrótt** – Tíær matjurt sem blómstrar seinna árið. Finnst stundum blómstrandi í garðstæðum árið eftir, en ílendist ekki.¹³⁴

ERICALES LYNGBÁLKUR

Pyrolaceae *Vetrarliljuætt*

217. **Pyrola grandiflora** R. Br. – **Bjöllulilja** – Allvíða á austanverðu Norðurlandi frá Eyjafirði austur á utanvert Fljótsdalshérað. Sjaldgæf sunnar á Austfjörðum, ófundin annars staðar.
218. **Pyrola minor** L. – **Klukkublóm** – Algengt um land allt, nema síst á láglendi Suðurlands.
219. **Orthilia secunda** (L.) House – **Grænliilja** – Allvíða í skóglendi við sunnanvert Djúpið og í Barðastrandasýslu á Vestfjörðum, einnig við utanverðan Eyjafjörð og Þingeyjarsýslum austur í Óxarfjörð. Sjaldgæfari annars staðar, en finnst þó dreift um landið.

Ericaceae *Lyngætt*

220. **Loiseleuria procumbens** (L.) Desv. – **Sauðamergur** – Algengur um allt land nema sjaldgæfur á láglendi Suðurlands frá Ölfusá að Skeiðará.



221. **Phyllodoce caerulea** (L.) Bab. – **Bláklukku-lyng** – Allvíða á útskögnum beggja megin Eyjafjarðar, einnig fundið á Tjörnesi og við Loðmundarfjörð og Borgarfjörð fyrir austan. Ófund-
ið annars staðar.
222. **Harrimanella hypnoides** (L.) Coville – **Mosa-lyng** – Algengt um mestallt land, vantar sums staðar á láglandi.
223. **Andromeda polifolia** L. – **Ljósalyng** – Sjaldgæft, í súrum mýrum, aðeins fundið í Brúnavík,⁵⁵ Borgarfirði eystra og Úthéraði.³⁵
224. **Arctostaphylos uva-ursi** (L.) Sprengel – **Sortulyng** – Algengt víða um landið, en sums staðar stórar eyður í útbreiðslunni, t.d. á norðanverðum Vestfjörðum, Strandasýslu og Vestur-Húnavatnssýslu.
225. **Calluna vulgaris** (L.) Hull – **Beitilyng** – Algengt um stóran hluta landsins, vantar á Vestfjörðum og Vestur-Húnavatnssýslu, einnig ófunduð inn til landsins í Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði.
226. **Vaccinium myrtillus** L. – **Aðalbláberjalyng** – Algengt á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi frá Ölfusá/Hvítá norður um og suður í Suðursveit. Sjaldgæft á hálendinu og á Suðurlandi, vantar að jafnaði þar sem snjólétt er á láglandi.⁶²
227. **Vaccinium uliginosum** L. – **Bláberjalyng** – Algengt um land allt. Tvær deilitegundir bláberja munu vera til á Íslandi, subsp. **uliginosum** er algeng um land allt, en subsp. **microphyllum** (Lange) Tolm., **smáblaðalyng**, er einnig til hér en óvíst um útbreiðslu.
228. **Vaccinium vitis-idaea** L. – **Rauðberjalyng** – Sjaldgæft, mest á Austurlandi frá Berufirði⁹⁶ norður á suðurströnd Reyðarfjarðar.^{41, 67} Utan þess svæðis aðeins á nokkru svæði í Núpasveit við Óxarfjörð,⁷² og smáblettir í Þrastaskógi og við Rauðavatn.¹³⁴
229. **Oxycoccus microcarpus** Turcz. ex Rupr. – **Mýraberjalyng** – Allvíða á svæðinu frá Skagafirði austur í Mývatnssveit, og einnig á Fljótsdalshéraði og nyrst á Austfjörðum. Annars staðar sjaldgæft.

Erica tetralix L. – **Haustlyng** – Mjög sjaldgæft. Nýlega fundið á tveim stöðum, óvíst hvenær eða hvernig tegundin hefur borist til landsins, eða hvort hún muni ílendast.³

Empetraceae **Krækilyngsætt**

230. **Empetrum nigrum** L. – **Krækilyng** – Algengt um land allt. Krækilyngi er oft skipt í tvær deilitegundir, subsp. **nigrum** og subsp. **hermaphroditum** (Lange ex Hagerup) Bøcher. Sú síðarnefnda er miklum mun algengari hér, bæði á láglandi en einnig allhátt til fjalla. Hún hefur stærra ber og tvíkynja blóm. Subsp. **nigrum** sem yfirleitt hefur einkynja blóm hefur fundist allvíða á láglandi en vex ekki til fjalla.¹⁴⁶

Diapensiaceae **Fjallabrúðuætt**

231. **Diapensia lapponica** L. – **Fjallabrúða** – Fjallajurt sem fundin er á allmörgum stöðum

á Norðurlandi frá Skaga austur á Digranes, einkum í útsveitum. Nær lengra inn í landið meðfram Austurdal í Skagafirði, einn fundarstaður á Vestfjörðum.¹³⁴

PRIMULALES

MARÍULYKILSBÁLKUR

Primulaceae **Maríulykilsætt**

232. **Primula egaliksensis** Wormsk. – **Davíðslykill** – Mjög sjaldgæfur, aðeins fundinn á einum stað á Árskógsströnd þar sem hann óx allmarga áratugi á síðustu öld,^{83, 104} en er nú útdauður á þessum stað.
233. **Primula stricta** Hornem. – **Maríulykill** – Sjaldgæfur, aðeins fundinn á nokkru svæði frá Hjalt-eyri og inn fyrir botn Eyjafjarðar.⁶¹
234. **Trientalis europaea** L. – **Sjóstjarna** – Algeng á Austurlandi frá Vopnafirði suður í Öræfi. Annars staðar aðeins fundin á einum stað í Óxarfirði og þrem á Suðurlandi.^{134, 139}
235. **Glaux maritima** L. – **Sandlæðingur** – Sjaldgæfur, fundinn á nokkrum stöðum á sjávarflæðum á Vesturlandi frá Barðaströnd suður í Herdísarvík.

Lysimachia punctata L. – **Útlagi** – Ræktaður sem skrautjurt, einnig fundinn sem slæðingur í Reykjavík.^{129, 134}

Anagallis arvensis L. – **Nónblóm** – Slæðingur í Reykjavík um 1960,¹¹¹ óvíst um það síðar.

GENTIANALES

MARÍUVANDARBÁLKUR

Gentianaceae **Maríuvandarætt**

236. **Gentiana nivalis** L. – **Dýragras** – Algengt um land allt.
237. **Gentianopsis detonsa** (Rottb.) Ma – **Engjavöndur** – Víða um land, einkum nálægt sjó, frá Herdísarvík norður og austur um til Hornafjarðar. Ófundinn á Suðurlandi.
238. **Comastoma tenellum** (Rottb.) Toyok. – **Maríuvendingur** – Víða, einkum inn til landsins og á hálendinu.
239. **Gentianella amarella** (L.) Börner subsp. **septentrionalis** (Druce) N.M.Pritchard – **Grænvöndur** – Víða um allt land, algengastur við Eyjafjörð og á Fljótsdalshéraði.
240. **Gentianella aurea** (L.) H.Smith – **Gullvöndur** – Algengur um allt land.
241. **Gentianella campestris** (L.) Börner subsp. **islandica** (Murb.) Á.Löve & D.Löve – **Maríuvöndur** – Algengur á láglandi.
242. **Lomatogonium rotatum** (L.) Fries ex Fern. – **Blástjarna** – Víða um land, algengust í inn-
sveitum á Norðausturlandi.

SOLANALES

NÁTTSKUGGABÁLKUR

Menyanthaceae *Horblöðkuætt*

243. *Menyanthes trifoliata* L. – *Horblaðka* – Algeng í votlendi um allt land.

Convolvulaceae *Vafklukkuætt*

Calystegia sepium (L.) R.Br. – *Maríuvafklukka* – Hefur fundist einu sinni sem slæðingur við Álafoss árið 1971.¹³⁴

Convolvulus arvensis L. – *Akurvafklukka* – Slæðingur sem hefur sést í Reykjavík og á Siglufirði 1934–1963.^{111, 134}

Cuscuta campestris Yunck – *Vafsníkja* – Sjaldgæfur slæðingur í gróðurhúsi á Varmalandi í Mosfellssveit 1954 á stönglum *Chrysanthemum*-jurta.¹⁰⁸

Polemoniaceae *Jakobsstigaætt*

Polemonium caeruleum L. – *Jakobsstigi* – Ræktaður til skrauts, hefur sést sem slæðingur á fáeinum stöðum.^{129, 134}

Solanaceae *Náttskuggaætt*

Solanum nigrum L. – *Húmskuggi* – Slæðingur á örfáum stöðum á Suðvesturlandi.¹¹¹

RUBIALES

MÖÐRUBÁLKUR

Rubiaceae *Möðruætt*

244. *Galium boreale* L. – *Krossmaðra* – Algeng á öllu Suðvesturlandi frá Dölum að Markarfljóti. Víða á Fljótshéraði og fundin á smáblettum á nokkrum stöðum á Norðurlandi.

245. *Galium normanii* O.C.Dahl – *Hvítmaðra* – Algeng um land allt.

246. *Galium palustre* L. – *Mýramaðra* – Mjög sjaldgæf, aðeins fundin á tveim stöðum í Flóanum. Fannst fyrst árið 1943 en sá fundarstaður er óþekktur.¹³⁴ Fannst aftur 1970²⁷ og er þar enn 2004.⁶⁵

247. *Galium trifidum* L. – *Prenningarmaðra* – Fundin á allmörgum stöðum dreift um landið nema á Suðausturlandi og Austfjörðum frá Mýrdal að Fljótshéraði.

248. *Galium uliginosum* L. – *Laugamaðra* – Fundin á allmörgum stöðum dreift um landið nema á Suðausturlandi, sums staðar nokkuð algeng eins og t.d. í nágrenni Akureyrar.

249. *Galium verum* L. – *Gulmaðra* – Algeng um land allt nema sums staðar á hálendinu.

Galium aparine L. – *Krókamaðra* – Slæðingur sem hefur borist til landsins öðru hverju a.m.k. frá 1889–1968,^{70, 111, 139} en hefur ekki ílenst.

Galium mollugo L. subsp. *mollugo* – *Mjúkamaðra* – Slæðingur sem hefur fundist víða á höfuðborgarsvæðinu¹⁰⁵ og við Eyjafjörð,^{146, 147} sjaldgæfur annars staðar.¹¹¹ Subsp. *erectum* Syme, *Ljósamaðra*, hefur einnig verið skráð hér á fáum stöðum á síðari árum.

Galium odoratum (L.) Scop. – *Ilmmaðra* – Aðeins skráð á einum stað á landinu, Hróarsdal í Skagafirði árið 1966.¹¹¹

Sherardia arvensis L. – *Blámaðra* – Mj. sj. slæðingur í Reykjavík og Sólheimum í Grímsnesi 1953.^{17, 111}

Asperula arvensis L. – *Akursystir* – Aðeins skráð sem slæðingur í Reykjavík 1926,¹³⁴ engar heimildir um hana annars staðar.

CALLITRICHALES

VATNSBRÚÐUBÁLKUR

Callitrichaceae *Vatnsbrúðuætt*

250. *Callitriche brutia* Petagna – *Lækjabrúða* – Sjaldgæf votlendisjurt sem vex á nokkrum stöðum, einkum á Suðvesturlandi.

251. *Callitriche hamulata* Kütz. ex Koch – *Síkjabrúða* – Vatnajurt, algeng um allt land á láglandi.

252. *Callitriche hermaphroditica* L. – *Haustbrúða* – Sjaldgæf vatnajurt sem vex á kafi í vatni, fundin á fáum stöðum, dreifðum um landið, nema nokkuð algeng í vatnakerfi Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.⁶⁹

253. *Callitriche palustris* L. – *Vorbrúða* – Nokkuð algeng vatnajurt á láglandi.

254. *Callitriche stagnalis* Scop. – *Laugabrúða* – Allvíða í síkjum og við laugar á Suðvesturlandi. Annars staðar mjög sjaldgæf og líklega eingöngu við jarðhita utan Suðvesturlands.

Hippuridaceae *Lófótsætt*

255. *Hippuris tetraphylla* L. fil. – *Flæðalófótur* – Sjaldgæfur, fundinn á nokkrum stöðum á norðanverðu landinu í síkjum og leirum á sjávarflæðum.¹⁴⁹

256. *Hippuris vulgaris* L. – *Lófótur* – Algengur um land allt.

LAMIALES

VARABLÓMABÁLKUR

Boraginaceae *Munablómsætt*

257. *Myosotis arvensis* (L.) Hill – *Gleym-mér-ei* – Algeng í byggðum landsins nema á Norðausturlandi frá Öxarfirði til Vopnafjarðar, þar ófundin.

258. *Myosotis discolor* Pers. – *Kisugras* – Finnst einkum á tveim svæðum, austan Rangár að Eyjafjöllum, og í nágrenni höfuðborgarinnar. Annars mjög sjaldgæf.



259. **Myosotis scorpioides** L. – **Engjamunablóm** – Víða ræktað til skrauts, en sáir sér út og dreifist auðveldlega meðfram lækjum og ám.¹⁰⁶ Orðið ílent á mörgum stöðum víða um land.
260. **Myosotis stricta** Link ex Roemer & Schultes – **Sandmunablóm** – Allvíða á Vestfjörðum og vestanverðu Norðurlandi austur fyrir Eyjafjörð. Annars mjög sjaldgæft.
261. **Mertensia maritima** (L.) S.F.Gray – **Bláililja** – Algeng í fjörusandi kringum landið.
- Cynoglossum officinale L. – **Hundatunga** – Slæðingur á Akureyri 1945.⁷⁴
- Lappula myosotis Moench – **Íguljurt** – Fundin á nokkrum stöðum um landið á tímabilinu frá 1888 til 1951.^{136, 139} Hefur ekki sést hin síðari ár.
- Asperugo procumbens L. – **Klóajurt** – Var skráð sem slæðingur á Þingeyrum í Húnaþingi árið 1929,¹³⁴ ekki kunnugt um hana annars staðar.
- Symphytum asperum Lepechin – **Burstavalurt** – Slæðingur á Laugarvatni 1945¹³⁴ og í Elliðaárdal.¹²⁹
- Symphytum officinale L. – **Valurt** – Mj. sj. slæðingur.¹¹¹
- Borago officinalis L. – **Hjólkróna** – Mjög sjaldgæfur slæðingur, aðeins fundin í Reykjavík 1954.¹³⁴
- Anchusa arvensis (L.) M.Bieb. – **Uxajurt** – Slæðingur á Reykjalandi^{17, 111} og á Siglufirði um 1940–1960, líklega innflutt með hænsnafóðri, óvíst um hana síðar.
- Myosotis sylvatica Hoffm. – **Skógmunablóm** – Sjaldgæfur slæðingur frá ræktun á Akureyri og í nágrenni.^{74, 134}
- Echium vulgare L. – **Naðurkollur** – Fundinn á nokkrum stöðum á Suðvesturlandi og allt austur í Vík frá 1939 til 1964.⁹⁶ Á Reykjum í Mosfellssveit líklega innfluttur með hænsna- eða svínafóðri.¹¹¹ Óvíst um hann síðar.
268. **Thymus praecox** Opiz subsp. **arcticus** (E. Durand) Jalas – **Blóðberg** – Algengt um land allt.
269. **Mentha aquatica** L. – **Vatnamynta** – Ílendur slæðingur við jarðhita á þremur stöðum, Reykjanes við Djúp,¹³⁹ Einreykjahver á Reykhólum¹³⁴ og Svanshólslaug í Bjarnarfirði.⁶⁵
- Scutellaria galericulata L. – **Skjaldberi** – Mj. sj. slæðingur í Reykjavík 1943.¹³⁴
- Galeopsis bifida Boenn. – **Skoruhjálmgras** – Sjaldgæfur slæðingur sem hefur sést á nokkrum stöðum frá 1940–1980, einkum við kartöflugarða.¹³⁴
- Galeopsis ladanum L. – **Engjahjálmgras** – Mj. sj. slæðingur sem fundist hefur á tveimur stöðum á Suðvesturlandi 1928 og 1937.^{132, 134}
- Galeopsis speciosa Miller – **Gullhjálmgras** – Hefur fundist nokkrum sinnum sem slæðingur á þrem stöðum frá 1914–1967.^{102, 134}
- Lamium confertum Fries – **Garðatvítönn** – Sjaldgæfur slæðingur sem fundinn er á fáeinum stöðum.¹¹¹
- Lamium hybridum Vill. – **Flipatvítönn** – Sjaldgæfur slæðingur sem fundist hefur á fáeinum stöðum.^{18, 102}
- Stachys macrantha (K.Koch) Hyl. – **Álfakollur** – Ræktaður í gördum, slæðingur í Reykjavík.¹²⁹
- Mentha arvensis L. – **Akurmynta** – Mj. sj. slæðingur í Reykjavík 1946–1953.¹³⁴
- Mentha x gracilis Sole – **Engjamynta** – Mj. sj. slæðingur við Varmá í Mosfellssveit 1953.^{79, 108}
- Mentha longifolia (L.) Huds. – **Grámynta** – Slæðingur við Gufuneshöfða.
- Mentha spicata L. – **Garðmynta** – Mj. sj. slæðingur í Vestmannaeyjum 1960.^{134, 151}

Lamiaceae Varablómaætt

262. **Ajuga pyramidalis** L. – **Lyngbúi** – Mjög sjaldgæfur, aðeins á takmörkuðu svæði norðan til á Austfjörðum.^{21, 40, 45, 84}
263. **Prunella vulgaris** L. – **Blákolla** – Algeng á Suðurlandi frá Snæfellsnesi austur í Hornafjörð. Einnig víða á Austfjörðum, á Fljótsdalshéraði og innsveitum Eyjafjarðar. Annars staðar fátíðari, og þá einkum við jarðhita.
264. **Galeopsis tetrahit** L. – **Garðahjálmgras** – Slæðingur sem fundist hefur víða um land allt frá 1846 og er sums staðar ílendur.^{70, 137}
265. **Lamium album** L. – **Ljósatvítönn** – Allalgengur slæðingur frá ræktun, einkum frá höfuðborgarsvæðinu austur í Rangárvallasýslu og frá Húnavatnssýslu¹⁰⁶ austur í Eyjafjörð. Annars staðar fátíðari.
266. **Lamium amplexicaule** L. – **Varpatvítönn** – Slæðingur sem finnst á nokkrum stöðum um landið í byggð,¹⁴⁰ algengust á Suðvesturlandi,¹¹² einkum sem illgresi í matjurtagörðum.
267. **Lamium purpureum** L. – **Akurtvítönn** – Slæðingur sem finnst allvíða á landinu og er líklega orðinn ílendur á höfuðborgarsvæðinu.
270. **Limosella aquatica** L. – **Efjugras** – Á flæðum dreift um landið nema á Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Þar aðeins fundin við Goðdal í Bjarnarfirði.¹⁰
271. **Mimulus guttatus** DC – **Apablóm** – Ræktað til skrauts, en dreifist auðveldlega meðfram lækjum og hefur ílenst á nokkrum stöðum.¹³⁴ Aðgreining frá *Mimulus luteus* er ekki í öllum tilfellum örugg, og líklega er eitthvað um kynblendinga að ræða.
272. **Veronica alpina** L. – **Fjalladepla** – Algeng um land allt nema á láglandi Suðurlands.
273. **Veronica anagallis-aquatica** L. – **Lauga-depla** – Mjög sjaldgæf, aðeins við jarðhita á fáeinum stöðum, mest á Suðurlandi.
274. **Veronica chamaedrys** L. – **Völudepla** – Talin aðflutt með norskum hvalveiðimönnum, einnig ræktuð til skrauts og hefur ílenst á nokkrum stöðum.^{47, 111, 145}
275. **Veronica fruticans** Jacq. – **Steindepla** – Algeng víðast hvar, virðist fátíðari sunnan- og vestanlands en fyrir norðan og austan.
276. **Veronica officinalis** L. – **Hárdepla** – Algeng á Vesturlandi, og á Suðurlandi vestan Þjórsár og aftur í Eyjafjöllum og Mýrdal, einnig á Aust-

- fjörðum og í útsveitum á Miðnorðurlandi. Annars staðar sjaldgæf.
277. *Veronica persica* Poiret – *Varmadepla* – Sj., vex á nokkrum jarðhitasvæðum á Suðurlandi, og einnig sem slæðingur í Reykjavík.^{134, 139}
278. *Veronica scutellata* L. – *Skríðdepla* – Víða um landið við tjarnir og leirur, algengust á Suðvesturlandi og miðju Norðurlandi.
279. *Veronica serpyllifolia* L. – *Lækjadepla* – Algeng um landið nema mjög sjaldgæf á Suðausturlandi frá Mýrdalssandi að Berufirði.
280. *Melampyrum sylvaticum* L. – *Krossjurt* – Allalgeng innst í Djúpi, við Steingrímsfjörð og Bjarnarfjörð á Ströndum, og í nágrenni Þorska-fjarðar, einnig á nokkrum stöðum í Vaglaskógi. Ófundin annars staðar.
281. *Euphrasia calida* Yeo – *Hveraaugnfró* – Á örfáum stöðum suðvestanlands,¹⁵³ eingöngu við jarðhita. Talin vera einlend á Íslandi.
282. *Euphrasia frigida* Pugsl. – *Augnfró* – Algeng um land allt.
283. *Euphrasia stricta* D.Wolff ex J.F. Lehm. var. **tenuis** – *Kirtilaugnfró* – Sjaldgæf, fundin á nokkrum stöðum, einkum Suðvesturlandi, sums staðar við jarðhita.¹⁰⁵
284. *Rhinanthus minor* L. – *Lokasjóður* – Algengur um land allt nema á Miðhálandinu. Tvær deilitegundir eru taldar vera hér á landi, subsp. **minor** og subsp. **groenlandicus** (Ostenf.) Neuman, *eggjasjóður*. Þær hafa ekki reynst auðveldar í aðgreiningu,¹⁹ og er því lítið vitað um útbreiðslu þeirra.
285. *Pedicularis flammea* L. – *Tröllastakkur* – Víða til fjalla á Norður- og Austurlandi, sjaldgæfari í útsveitum. Mikið á hálandinu og nær þar suður fyrir jökla. Sjaldgæfari á Vesturlandi og ófundinn á Suðurlandi.
286. *Bartsia alpina* L. – *Smjörgras* – Algengt um allt land.
- Linaria repens* (L.) Miller – *Randagin* – Finnst sem slæðingur frá ræktun í Reykjavík.¹³⁴
- Linaria vulgaris* Miller – *Gullgin* – Sjaldgæfur slæðingur í Reykjavík 1958¹¹¹ og á Egilsstöðum árið 2000.¹³⁴
- Digitalis purpurea* L. – *Fingurbjargarblóm* – Ræktuð til skrauts, hefur fundist sem slæðingur á stöku stað.¹³⁴
- Veronica agrestis* L. – *Akurdepla* – Mj. sj. slæðingur, skráður í Reykjavík 1963.^{108, 111}
- Veronica arvensis* L. – *Reykjadepla* – Mj. sj., óx við Reykjalaug í Fnjóskadal frá 1932⁷¹–1975 a.m.k., hefur ekki sést þar síðar og er líklega horfin þaðan. Líkur eru á að hún hafi borist til landsins með grasfræi, sem sáð var við Reykjalaug nokkru fyrir 1932.⁶⁹
- Veronica gentianoides* Vahl – *Kósakkadepla* – Ræktuð í gördum, hefur dreifst og vex utan garðs á Ólafsfirði.
- Veronica hederifolia* L. – *Bergfléttudepla* – Mj. sj. slæðingur við flugvöllinn í Reykjavík.^{108, 111}
- Veronica longifolia* L. – *Langdepla* – Ræktuð til skrauts, slæðingur í Elliðaárdal.¹²⁹

Veronica polita Fries – *Gljádepla* – Hefur borist til landsins með grasfræi og sést í sáningum, en hefur ekki numið land nema sumarlangt.⁶⁴

Rhinanthus angustifolius C.C.Gmel. – *Meyjarsjóður* – Sjaldgæfur slæðingur sem sást hér öðru hvoru á fyrri áratugum síðustu aldar, líklega innfluttur með grasfræi.^{69, 74, 139} Engar heimildir eru um hann í seinni tíð.

Lentibulariaceae Blöðrujurtarætt

287. *Pinguicula vulgaris* L. – *Lyfjagras* – Algengt um land allt.
288. *Utricularia minor* L. – *Blöðrujurt* – Fundin allvíða í kringum landið, er líklega orðin sjaldséðari í seinni tíð síðan hætt var að grafa mógrafir og land hefur víða verið þurrkað.

Plantaginaceae Græðisúruætt

289. *Plantago lanceolata* L. – *Selgresi* – Algengt undir Eyjafjöllum, Vestmannaeyjum og Mýrdal. Annars aðeins sem sjaldgæfur slæðingur við jarðhita,¹⁰ þó ílendur í köldum jarðvegi í nágrenni við Reyki í Fnjóskadal.
290. *Plantago major* L. – *Græðisúra* – Allvíða um landið, ýmist við jarðhita eða sem slæðingur í byggð.
291. *Plantago maritima* L. – *Kattartunga* – Algeng um land allt, oftast í klettum eða á sjávarfitjum. Útbreiddari við sjávarsíðuna en lengra inni í landi.
292. *Littorella uniflora* (L.) Ascherson – *Tjarnalaukur* – Algengur á Suðvesturlandi frá Hvalfirði austur undir Markarfljót, sjaldgæfur annars staðar á landinu og ófundinn á Norðausturlandi frá Húsavík til Reyðarfjarðar.

Plantago arenaria Waldst. & Kit. – *Sandtungu* – Mj. sj. slæðingur í Reykjavík 1958–59.^{102, 111, 134}

Plantago aristata Michx. – *Broddatunga* – Mj. sj. slæðingur, aðeins fundinn í Reykjavík 1972.¹³⁴

DIPSACALES

STÚFUBÁLKUR

Caprifoliaceae Geitblaðsætt

Lonicera caerulea L. – *Blátoppur* – Víða ræktaður í limgerði, slæðingur í Elliðaárdal 2004.¹²⁹

Valerianaceae Garðabrúðuætt

293. *Valeriana officinalis* L. – *Garðabrúða* – Ræktuð til skrauts í gördum og slæðist eitthvað þaðan.
294. *Valeriana sambucifolia* J.C.Mikan ex Pohl subsp. **procurrens** (Wallr.) Á.Löve. – *Haga-brúða* – Vex allvíða á Suðurlandi frá sunnanverðum Reykjanesskaga, um Fljótshlíð og Eyjafjöll og hefur fundist á nokkrum stöðum í Skaftafellssýslum allt austur í Hornafjörð. Þar sem aðgreining garðabrúðu og haga-brúðu er oft óljós, er ekki alltaf ljóst um hvora tegundina er að ræða á hverjum stað.⁷⁹

**Dipsacaceae Stúfuætt**

295. **Succisa pratensis** Moench – **Stúfa** – Allvíða á Suðurlandi í sólríkum brekkum frá suðurströnd Reykjanesskaga austur í Fljótshverfi.
296. **Knautia arvensis** (L.) Coulter – **Rauðkollur** – Sjaldgæfur slæðingur, einkum á nokkrum stöðum á Norðurlandi¹³⁴ og í nágrenni Reykjavíkur.¹³⁹

CAMPANULALES

BLÁKLUKKUBÁLKUR

Campanulaceae Bláklukkuætt

297. **Campanula rotundifolia** L. – **Bláklukka** – Algeng á Austurlandi frá bistolfirði suður á Síðu. Annars staðar aðeins sem slæðingur á smáblettum.
298. **Campanula uniflora** L. – **Fjallabláklukka** – Á nokkrum stöðum hátt til fjalla frá Skagafirði austur fyrir Eyjafjörð. Einnig fundin á Vatnsdalsfjöllum og Skjaldfannarfjalli við Djúp.
299. **Campanula glomerata** L. – **Höfuðklukka** – Harðgerð jurtt sem víða er ræktuð til skrauts, en slæðist frá ræktun, m.a. við Grafarvog. Hefur vaxið á Hesteyri í Jökulfjörðum allt síðan byggð var þar og blómstrar þar enn árið 2004.¹³⁴

Campanula fragilis Cyrill. – **Skrúðsklukka** – Hefur vaxið allengi sem slæðingur við Skrúð á Núpi í Dýrafirði.¹⁰²

